



**Háskóla-
setunum
Vestfirðna**
University Centre
of the Westfjords

2022

Útdráttur erinda

RÁÐSTEFNA UM ÍSLENSKA ÞJÓÐFÉLAGIÐ
HÁSKÓLASETUR VESTFJARÐA



Efnisyfirlit

Málstofa 1: Nýta eða vernda?	5
Sónarhorn hafsins	5
Njörður Sigurjónsson.....	5
Samfélagsáhrif virkjana – rýnt í merkingu í íslensku samhengi	6
Magnfríður Júlíusdóttir	6
ArticHubs – efling sjálfbærni og seiglu samfélag á Norðurlóðum.....	7
Rannveig Ólafsdóttir & Anna Guðrún Edvardsdóttir.....	7
Charting the pathways of protected area governance in Iceland - towards more locally-focused PAs?.....	8
Mr. Jukka Siltanen	8
Hvað er hægt að framleiða mikið af rafmagni á Íslandi með vindorku og hvaða þýðingu hefur það fyrir jarðarbúa.....	9
Jón Þorvaldur Heiðarsson.....	9
Málstofa 2: Afbrotamál	10
Álíka stór en ólík samfélög norðan og sunnan heiða: Hvernig stóðu þau af sér heimsfaraldurinn þegar kemur að vernd barna?.....	10
Freydís Jóna Freysteinsdóttir	10
Viðbrögð og vinnsla brotaþola á afleiðingum hatursglæpa.....	11
Eyrún Eyþórsdóttir	11
Fjölmíðlar og stolin gögn.....	12
Ingibjörg Sigríðar Elíasdóttir og Birgir Guðmundsson.....	12
Málstofa 3: Náttúra og heilsa	13
Náttúrutengd endurhæfing.....	13
Harpa Lind Kristjánsdóttir	13
Áhrif náttúru á heilsu og velferð	14
Hervör Alma Árnadóttir	14
Tóbaksreykingar meðal unglinga sem sækja skóla í Bissá	15
Geir Gunnlaugsson.....	15
Málstofa 4: Ferðaþjónusta	16
Endurhugsun ferðaþjónustu: Nær ferðaþjónusta og möguleikar til framtíðar	16
Gunnar Þór Jóhannesson.....	16
Ferðaþjónusta í nýju ljósi? Viðhorf íbúa til ferðamanna og ferðaþjónustu á Covid-tímum	17
Eyrún Jenný Bjarnadóttir	17
Seigla í íslenskri ferðaþjónustu - Viðbrögð við krísu.....	18
Íris Hrund Halldórsdóttir	18
Skemmtiferðaskip til Ísafjarðar: tækifæri eða ógn?.....	19
Ása Marta Sveinsdóttir.....	19
„Fátt fólk og fuglarnir“ Hreyfanleiki og uppbygging ferðaþjónustu á Melrakkaslétu	20
Þórný Barðadóttir	20

Fræðslustarf í smærri ferðaþjónustufyrirtækjum: Áskoranir við uppbyggingu þjónustugæða	21
Magnús Haukur Ásgeirsson, Gunnar Þór Jóhannesson, Lilja Karen Kjartansdóttir.....	21
“Það hefur verið þarna 1.5.% þjóðarinnar”: Þverþjóðleiki Kanaríeyja og íslenskir ferðalangar	22
Kristín Loftsdóttir	22
Málstofa 5: Stjórnun og fjármál	23
Umgjörð reikningsskila.....	23
Einar Guðbjartsson	23
Verkefnastjórnun - Straumlnustjórnun í ferðaþjónustu.....	24
Berglind Björk Sigurðardóttir og Eðvald Möller PhD.....	24
Verkefnastjórnun - Er hægt að hagræða með straumlnustjórnun?	25
Ásta Sigríður Birgisdóttir og Eðvald Möller	25
Verkefnastjórnun - Lykilþættir í árangri?	26
Kristján Þorvaldsson og Eðvald Möller	26
Fjármögnunarleigusamningar	27
Nafn: Einar Guðbjartsson.....	27
Málstofa 6: Stétt og velferð.....	28
Hættulegustu staðir landsins: söguvið vinsælustu bóka þjóðarinnar.....	28
Brynhildur Þórarinsdóttir	28
Að breyta mataræði heillar þjóðar í þágu umhverfis	29
Auður Viðarsdóttir.....	29
Hönd í hönd með unglungum í vanda	30
Hervör Alma Árnadóttir	30
Félagsleg mörk, tekjujöfnuður og ábyrgð stjórnvalda: Áhrif mismunandi auðmagns á viðhorf Íslendinga til ójafnaðar og velferðarkerfisins	31
Dr. Sigrún Ólafsdóttir, Dr. Jón Gunnar Bernburg.....	31
Hefur auðmagn áhrif á hvar einstaklingar upplifa sig í þjóðfélagsstiganum.....	32
Ómar Jóhannsson	32
Fæðingar- og foreldraorlof: Markmið, árangur og tilkoma nýrra laga	33
Ásdís Aðalbjörg Arnalds	33
Tvísýnleiki og Airbnb á leigumarkaði.....	34
Dr. Már Wolfgang Mixa	34
Málstofa 7: Mörkun	35
Ósýnileg mæri. Aðild og útilokun innflytjenda í landsbyggðum á Íslandi.	35
Dr. Unnur Dís Skaptadóttir.....	35
Umhverfismál og sjálfbærni: Flutningur erlends ungs menntafólks til Vestfjarða.....	36
Anna Wojtyńska.....	36
Hvað ræður árangri fyrirtækja í dreifðum byggðum.....	37
Runólfur Smári Steinþórsson	37

Sköpun ímyndar staða og svæða í sátt við nærsamfélagið	38
Brynjar Þór Þorsteinsson og Haraldur Daði Ragnarsson	38
Ögurstund staðbundinnar miðlunar?	39
Birgir Guðmundsson.....	39
Málstofa 8: Byggðamál.....	40
Seigla í kjölfar náttúruhamfara.....	40
Þóra Gréta Pálmarsdóttir MA.....	40
Eru aðgerðir í byggðapróun "wicked problems"?.....	41
Dr. Anna Guðrún Edvarðsdóttir og Dr. Rannveig Ólafsdóttir	41
„Það er alveg nóg að fá þúsund nýja íbúa á Selfoss í ár“ Vaxtarskilyrði smáborgarinnar á Suðurlandi.....	42
Dr. Þóroddur Bjarnason og dr. Stefán Hrafn Jónsson.....	42
Loftbrú - notkun og reynsla	43
Erna Rakel Baldvinsdóttir, MPH	43
Samþjöppun Norðurlands með jarðgöngum milli Húnaþings, Skagafjarðar og Eyjafjarðar, er það gerlegt og raunhæft og hver verða áhrifin?	44
Jón Þorvaldur Heiðarsson.....	44
Málstofa 9: Traust.....	45
Hvers konar traust leiðir til stuðnings við mismunandi aðgerðir í loftslagsmálum?	45
Sóllilja Bjarnadóttir	45
Lessons from two island nations: Re-reading the yet unfinished Icelandic Deliberative Constitutional Process in light of the success of the Irish Constitutional Assembly.....	46
Dr. Eiríkur Bergmann	46
China's Way towards Decarbonization: Unrealistic Promise or a Credible Commitment?.....	47
Dr. Francesco Macheda.....	47
Hvers vegna hlýddi fólk sóttvarnaraðgerðum? Daglegt samhengi og einstaklingsbundnir þættir.....	48
Jón Gunnar Bernburg.....	48
Málstofa 10: Kynleg sjónarhorn	49
„Fötin skapa manninn eða viltu vera púkó?“ Textíll og hringrásarhagkerfi sem jafnréttismál.....	49
Þorgerður J. Einarsdóttir og Laufey Axelsdóttir.....	49
„Frá einkasviðinu til hins opinbera.“ Athafnakonur í textílvinnslu á síðari hluta 20. aldar	50
Laufey Axelsdóttir og Þorgerður J. Einarsdóttir.....	50
Femínískir aktívistar í akademíu taka þátt í leiknum og leitast við að breyta leikreglunum... ..	51
Thamar Melanie Heijstra og Gyða Margrét Pétursdóttir	51
„ÁFRAM Í GEGNUM ÞENNAN BRIMSKAFL“: GREINING Á TILKYNNINGUM REKTORS HÁSKÓLA ÍSLANDS Á TÍMUM COVID 19	52
Gyða Margrét Pétursdóttir og Thamar Melanie Heijstra	52
Valið barnleysi kvenna og viðhorf til móðurhlutverksins.....	53
Sunna Símonardóttir, Phd	53

Ástarsambönd í síð nútíma: Samningur um trúnað og kynlíf?	54
Dr. Berglind Rós Magnúsdóttir	54
Félagslegt vald slúðurs í litlum samfélögum.....	55
Gréta Bergrún Jóhannesdóttir.....	55
Málstofa 11: Skólamál.....	56
Fjölmeningin og fjöllin.....	56
Anna Hildur Hildibrandsdóttir	56
Hvernig breyttist siðurinn að senda börn í tímans rás?.....	57
Jónína Einarisdóttir	57
Alþjóðlegur bakgrunnur, skólasókn og brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum 2001-2021	58
Ólöf Garðarsdóttir, Eyrún María Rúnarsdóttir og Guðjón Hauksson.....	58
Skólastarf í landshlutum samkvæmt PISA 2018	59
Þorlákur Axel Jónsson	59
Háskóli er hugmynd - breyttur heimur og tækifæri til sóknar með stafrænni menntun	60
Eyjólfur Guðmundsson, dr.....	60
Heilsuvernd í heimsfaraldri: Áhrif COVID-19 á störf skólahjúkrunarfræðinga	61
Eva Jørgensen	61
Mótun verðuga sjálfsins í menntaskólanum	62
Dr. Berglind Rós Magnúsdóttir	62
Málstofa 12: Sjávarútvegur	63
Hvað tók við eftir Verbúðina? Fiskveiðistjórnun í 30 ár	63
Dr. Ögmundur Knútsson.....	63
„Konur eru eins og súrefni til fjalla, því ofar sem þú ferð því minna er af þeim“	64
Ásta Dís Óladóttir	64
Markaðshneigð og markaðsleg færni fyrirtækja í sjávarútvegi á Vestfjörðum	65
Andrea Gylfadóttir	65

Málstofa 1: Nýta eða vernda?

Sónarhorn hafsins

Útdráttur: Getur hafið haft rödd? Hvað þýðir það að hlusta á hafið og hvert væri „sónarhorn“ sjávarins? Hluti af umhverfisvakningu samtímans felst í að beina athygli almennings að náttúrunni þeim breytingum sem á henni eru orðnar vegna áhrifa mannaaldar. Ýmis misáhugaverð myndlistar-, tónlistar-, bókmennta- og sviðslistaverkefni hafa orðið til í þessum tilgangi en í þessari rannsókn eru hlustir lagðar við verkið Sjávarmál við Eiðisvík. Tilgangur verksins, sem vann samkeppni um útilistaverk í Vesturbæ Reykjavíkur 2020, er samkvæmt lýsingu að hvetja vegfarendur til þess að leggja við hlustir og hlusta á hafið. Og þó ekki sé alveg víst að Sjávarmál sé listaverk vekur það áhugaverðar spurningar um eðli umhverfisumræðu, hljóðræna nálægð við náttúruna og hvað er skiljanlegt innlegg í umræðu. Stuðst er við aðferðir hljóðmenningarfræða en hljóðmenning er sá hluti hins skynjaða veruleika þar sem við beinum athygli að rödd, hljóði og hávaða. Þá eru hafðar bak við eyrað hugmyndir Jacques Rancière um að öll raunveruleg stefnumarkandi umræða, stjórnámál, snúist um hver talar, hver hafi orðið, þannig að aðrir hlusti. Að stjórnámál séu barátta þeirra sem ekki heyrist í, þeirra sem eru „óskiljanlegir“, við að fá fá rödd sem aðrir taka mark á. Þannig tengist fagurfræði og listir stjórnámálum því í listum sé þessi barátta sýnileg og greinanleg. Nýjar leiðir eru farnar til að það sem áður var ógreinilegt verði heyranlegt, og það sem var áður var aðeins gjálfur verður skynjanlegt.

Njörður Sigurjónsson

Starfsheiti og vinnuveitandi: Prófessor, Háskólinn á Bifröst

Netfang: njordur@bifrost.is

Samfélagsáhrif virkjana – rýnt í merkingu í íslensku samhengi

Útdráttur: Nýting landsvæða til orkuframleiðslu eða verndun svæða fyrir slíkri landnýtingu, hefur verið meðal stærstu ágreiningsefna á Íslandi síðustu áratugi. Sjónarmið náttúruverndar og hagsmunir ferðaþjónustu hafa verið áberandi í almennri umræðu og mati á virkjanakostum sem lagðir hafa verið fram til rammaáætlunar. Það hefur m.a. leitt til ákalls um aukið vægi samfélagslegra áhrifa við matið. Í erindinu er rýnt í mismunandi merkingu sem lögð er í samfélagsáhrif virkjana framkvæmda og verndunar, í íslensku samhengi. Greiningin byggir á mismunandi gögnum: Rannsóknnum faghóps 3 um samfélagsáhrif, sem að höfundur erindis var hluti af í 3. og 4. áfanga rammaáætlunar; innsendar umsagnir við niðurstöður 3. áfanga rammaáætlunar og umfjöllun um samfélagsáhrif í mati á umhverfisáhrifum nokkurra virkjana í ferli hjá Skipulagsstofnun. Í vinnu faghóps 3 var einkum leitast við að kanna viðhorf almennra íbúa og sveitarstjórnarfólks. Formlegar umsagnir eru flestar frá samtökum, sveitarfélögum og orkufyrirtækjum, en verkfræðistofur vinna mat á umhverfisáhrifum eftir leiðbeiningum Skipulagsstofnunar. Auk þess að draga fram mismunandi merkingu sem að lögð er í samfélagsáhrif í þessu samhengi er rýnt í hvort að viðhorf til samfélagsáhrifa séu talin mismunandi eftir tegundum virkjana og staðsetningu fyrirhugaðra virkjana eftir svæðum, m.a. landshlutum.

Magnfríður Júlíusdóttir

Starfsheiti og vinnuveitandi: Lektor í landfræði, Háskóla Íslands

Netfang: mj@hi.is

ArticHubs – efling sjálfbærni og seiglu samfélaga á Norðurslóðum

Útdráttur: Samspil alheimsvæðingar og loftslagsbreytinga knýja fram breytingar af stærðargráðu sem ekki áður hefur þekkt. Aukin áhersla á atvinnugreinar eins og námuvinnslu, fiskeldi og ferðaþjónustu, auk iðnvæðingar margra hefðbundinna atvinnugreina, s.s. sjávarútvegs og skógræktar, valda æ oftast hagsmunaaðilum um nýtingu auðlinda sem hafa afgerandi áhrif á velferð bæði íbúa og samfélaga Norðurslóða. Árið 2020 var ýtt úr vör fjögurra ára þverfaglegu rannsóknarverkefni sem beinir sjónum að þeim hröðu breytingum sem orðið hafa á Norðurslóðum vegna aukinnar alþjóðavæðingar og áskoranna sem þeim fylgja. Verkefnið nefnist ArticHubs og er styrkt af Horizon 2020 áætlun Evrópusambandsins. Megináhersla verkefnisins er á sjálfbærni og seiglu jaðarsvæða á Norðurslóðum. Meginmarkmið þess er að þróa rannsóknamiðaðar og hagnýtar lausnir til að mæta þeim áskorunum sem Norðurslóðir standa nú frammi fyrir með áherslu á heildarsýn og heildarhagsmuni í auðlindanýtingu svæða og langtíma velferð samfélaga. Það er gert m.a. með því að kortleggja og greina hnattræna drifkrafta sem hafa áhrif á framtíð norðurslóða og kanna hvernig mismunandi hagsmunaaðilar skilja og meta samfélagslega, efnahagslega og umhverfislega ábyrgð. Enn fremur með því að greina umhverfisleg, félagsleg, hagfræðileg, menningarleg og pólitísk áhrif núverandi atvinnustarfsemi á norðurslóðum og meta áhrif loftslagsbreytinga og mögulega aðlögun samfélaga að breyttum aðstæðum. Þátttakendur eru 22 frá 11 löndum. Á Íslandi eru það Háskóli Íslands, sem tekur þátt í rannsóknum á ferðamennsku og Háskólinn á Hólum sem tekur þátt í rannsóknum á fiskeldi. Rannsóknasvæði ArcticHubs á Íslandi eru sunnanverðir Vestfirðir. Í fyrirlestrinum verður verkefnið kynnt nánar auk helstu niðurstaðna þeirra rannsókna sem unnið hefur verið að frá því verkefnið hófst.

Rannveig Ólafsdóttir & Anna Guðrún Edvardsdóttir

Starfsheiti og vinnuveitandi: Prófessor, Háskóli Íslands, (fyrsti höfundur)

Netfang: ranny@hi.is

Charting the pathways of protected area governance in Iceland - towards more locally-focused PAs?

Protected areas (PAs) currently cover ca. 25% of Iceland's land area, and there are ambitious national and global targets to increase them further. Establishment of many PAs in Iceland have been affected by many historical and contextual factors and complex negotiations with local stakeholders, resulting in significant PA governance diversity with site-specific legislations and independent park authorities. We present findings of a recent institutional analysis of five Icelandic PAs with different legislations and management models, and assess how they have been able to respond to the rapid increases in visitor pressure following the tourism boom. We find most parks have been able to adapt and address management challenges as they rise. However, nation-wide this has led to somewhat scattered and uncoordinated PA management capacity calling for a stronger shared vision and policy guidance. One of the developments following the tourism boom has been the research and policy attention on the socio-economic impacts of protected areas, and their rural development opportunities in particular. Vatnajökull National Park has gone the furthest by making it a legally binding objective of the park, with some other parks following by similar regulatory amendments. Yet, so far the attempts by the PAs to contribute to surrounding economic socio-development have been more about regulation and ensuring sustainability than providing new real opportunities for local residents and stakeholders. We are planning a participatory study to explore how PAs in Iceland could create new business opportunities for local residents and businesses, and we would like to discuss and receive feedback for this study from the audience. We would also like to raise discussion on the future of protected area management in Iceland - if we are going to have 30% PA land cover by 2030 and perhaps 50% by 2050 as has been suggested - we believe the PA governance system will look very different from now. In many countries recent expansion has seen more private PAs and 'other effective area-based conservation measures' (OECMs), both often linked to the development objectives. Where do you think we should be headed?

Mr. Jukka Siltanen

Starfsheiti og vinnuveitandi: PhD Candidate, Environment and Natural Resources, University of Iceland. Netfang: jks16@hi.is

Hvað er hægt að framleiða mikið af rafmagni á Íslandi með vindorku og hvaða þýðingu hefur það fyrir jarðarbúa

Útdráttur: Þetta er seinna erindið sem ég sendi inn. Ef hver má einungis halda eitt erindi þá líklega þarf ég að setja það til hliðar. Vona samt að ég geti haldið það t.d. ef einhver dettur út. Á Íslandi er mikil vindorka sem lítið sem ekkert er nýtt enn sem komið er. Ástæðurnar eru einkum þær að vindorka var ekki samkeppnishæf við vatnsafl sem og að ekki hefur verið hægt að flytja rafmagn beint til útlanda. Með hlýnun jarðar má spyrja hvort Íslendingar þurfi ekki að hugsa hlutina í stærra samhengi en einungis út frá þörf fyrir raforku á Íslandi. Getur framlag Íslands verið verulegt fyrir Evrópu ef rafmagn væri framleitt með vindorku á Íslandi í stórum stíl? Ætti að líta svo á að í heiminum sé neyðarástand sem vindorka frá Íslandi geti hjálpað til við að bregðast við tímabundið, kannski í 20 ár, en eftir þann tíma verði vindmyllum á Íslandi fækkað þar sem orkubúskapur heimsins verði kominn í betra jafnvægi? Í erindinu verður fjallað um hversu mikið rafmagn er hægt að framleiða á Íslandi með vindi, hversu marga sæstrengi þyrfti þá að leggja til Evrópu og hvar á landinu vindorku framleiðsla kæmi helst til greina. Einnig verður ræddur sá möguleiki að með tengingu Íslands til Evrópu verði hægt að leggja sæstreng milli Vestfjarða og Grænlands og nýta rýmið á austurströnd Grænlands til að framleiða rafmagn með vindorku.

Jón Þorvaldur Heiðarsson

Starfsheiti og vinnuveitandi: Lektor við viðskiptadeild HA

Netfang: jthh@unak.is

Málstofa 2: Afbrotamál

Álíka stór en ólík samfélög norðan og sunnan heiða: Hvernig stóðu þau af sér heimsfaraldurinn þegar kemur að vernd barna?

Útdráttur: Í rannsókn þessari voru skoðuð áhrif Covid-19 á barnaverndartilkynningar. Markmiðið var að kanna hvort barnaverndartilkynningar hefðu verið fleiri á meðan Covid-19 stóð, hvort ástæður tilkynninga hefðu breyst og hvort alvarleiki tilkynninga hefði aukist við Covid-19 samanborið við árið fyrir. Barnaverndartilkynningar í fimm sveitarfélögum voru innihaldsgreindar og síðan umbreytt í töluleg gögn. Gagnasöfnun fór fram árið 2021. Hér verður þó einungis greint frá samanburði tveggja þessara sveitarfélaga, Akureyri og Reykjanesbæ, en íbúafjöldi er álíka mikill í þessum tveimur sveitarfélögum. Fjöldi tilkynninga sem voru innihaldsgreindar í þessum sveitarfélögum var 455, en þær voru 239 í Reykjanesbæ og 216 á Akureyri. Einnig voru heildartölur yfir fjölda tilkynninga bornar saman í sveitarfélögunum tveimur yfir þetta tveggja ára tímabil, hvað varðar fjölda og eðli. Niðurstöður sýndu að í Covid-19 fjölgaði tilkynningum, breyting var á eðli þeirra og þær voru alvarlegri á Covid-19 tímabilinu. Jafnframt sýndu niðurstöður að tilkynningar voru að meðaltali alvarlegri í Reykjanesbæ en á Akureyri, en umtalsvert meira atvinnuleysi hefur verið í Reykjanesbæ, auk þess sem þar hefur verið mun hærra hlutfall innflytjenda og ljóst líkamlegar refsingar eru viðurkenndari í sumum menningarheimum heldur en hefur tíðkast hér á landi.

Freydís Jóna Freysteinsdóttir

Starfsheiti og vinnuveitandi: dósent í félagsráðgjöf, Háskóli Íslands

Netfang: fjf@hi.is

Viðbrögð og vinnsla brotapolá á afleiðingum hatursglæpa

Útdráttur: Afbrotafræðingurinn Paul Ignaski hefur lagt á það áherslu í skrifum sínum að hatursglæpir valdi meiri skaða en aðrir sambærilegir glæpir sem eru framdir án ásetnings sem byggir á fordómum. Skaðinn er margþættur og er talin sérstaklega alvarlegur því ásetningur brotsins byggir á fordómum gegn óbreytanlegum hluta sjálfsmýnda fólks (t.d. uppruni, trú, kynhneigð). Ennfremur hefur hatursglæpur ekki einungis áhrif á brotapolann heldur einnig þá sem skilgreina sig með sambærilegum hætti, tilheyra sama hóp eða hafa samskonar "einkenni" (e. characteristics). Skaði hatursglæpa er þar að leiðandi talin vera víðfeðmri og alvarlegri en annarra brota. Þessi fyrirlestur byggir á eigindlegri rannsókn á hatursglæpum á Íslandi sem hófst árið 2020 og er enn yfirstandandi. Tekin hafa verið 30 viðtöl við fólk búsett hérlendis sem hefur upplifað hatursglæp. Í þessum fyrirlestri verður sérstaklega gerð grein fyrir því með hvaða hætti viðmælendurnir unnu úr þeirri reynslu að verða fyrir hatursglæp. Frumniðurstöður sýna að hatursglæpirnir höfðu margskonar sálrænar og félagslegar afleiðingar fyrir brotapolana m.a. að forðast ákveðna staði, einangrað sig frá opinberu rými og hætt í starfi sem er nokkuð sambærilegt við niðurstöður erlendra rannsókna, en jafnframt kom í ljós að afleiðingarnar upplifðust mjög mismunandi alvarlegar á milli fólks.

Eyrún Eypórsdóttir

Starfsheiti og vinnuveitandi: Lektor Háskólinn á Akureyri

Netfang: eyruney@unak.is

Fjölmiðlar og stolin gögn

Útdráttur: Mörk tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífsins hafa verið viðvarandi umræðuefni í tengslum við réttindi og skyldur fjölmiðla. Nýlegt ágreiningsmál milli lögreglunnar á Norðurlandi eystra og fjögurra blaðamanna sem líklega birtu upplýsingar úr síma sem hafði verið stolið hefur beint kastljósinu að nýjum atriðum varðandi hvenær og hvernig blaðamönnum er heimilt að vinna úr upplýsingum sem fengnar eru með ólöglegum hætti. Ekki var í því máli efast um rétt blaðamanna til að taka við og miðla upplýsingum sem áttu erindi við almenning, en hins vegar er málið ekki eins ljóst hvernig blaðamenn eiga að meðhöndla aðrar upplýsingar sem þeir komast yfir (t.d. upplýsingar sem voru í símanum, meðal annars af eiganda símans í kynlífsathöfnum). Dómari í Héraðsdómi Norðurlands eystra úrskurðaði að blaðamönnum væri heimilt að „móttaka og sjá viðkvæm persónuleg gögn sem ekki varða almenning, enda væri það þáttur í starfi blaðamanna að móttaka ýmis gögn og ábendingar sem þeir meta hvort eigi erindi við almenning.“ Í umræðu um þetta mál hafa komið fram spurningar sem skipta máli varðandi starfshætti blaðamanna. Eitt slíkt álitamál lýtur að því hversu virkur blaðamaður er í að afla stolinna gagna. Skiptir máli hvort hann tekur þátt í þjófnaði á gögnunum eða tekur einfaldlega við þeim? Eða skiptir máli hvort hann greiðir fyrir upplýsingarnar og hvetur þannig til þjófnaðar? Annað álitamál lítur að dreifingu á gögnunum og geymslu þeirra. Telst það t.d. dreifing ef hópur blaðamanna skoðar efnið eða þarf efnið að fara í opinbera dreifingu. Mikilvægast er þó hvort svörin við þessum spurningum muni hafa áhrif á og móta vinnubrögð fjölmiðlamanna. Löggjöf, dómafordæmi og siðareglur fjölmiðlafólks ásamt reynslu t.d. frá Bretlandi og örlögum blaðsins News of the World, gefa ýmsar vísbendingar sem hægt er að styðjast við þegar þessar og fleiri spurningar eru reifaðar. Í erindinu verða þessi mál reifuð með kerfisbundnum hætti og sett í slíkt samhengi.

Ingibjörg Sigríðar Elíasdóttir og Birgir Guðmundsson

Starfsheiti og vinnuveitandi:

Ingibjörg, lögfræðingur og stundakennari við HA og Birgir, prófessor við HA

Netfang: ieliasdottir@gmail.com

Málstofa 3: Náttúra og heilsa

Náttúrutengd endurhæfing

Bakgrunnur: Undanfarin ár hafa komið fram sannfærandi gögn um að dvöl og iðja í náttúrunni sé gagnleg heilsu og vellíðan og að náttúrutengd endurhæfing (NTE) skili góðum árangri í starfsendurhæfingu. Sérstaklega þegar um er að ræða einstaklinga með þunglyndi, kvíða, streitutengdan vanda og áfallastreitu. Þrátt fyrir nær óheft aðgengi að óspilltri náttúru hefur NTE ekki verið mikið stunduð á Íslandi. Tilgangur: Tilgangur rannsóknarinnar var að taka fyrsta skrefið í þróun gagnreynds náttúrutengds endurhæfingarúrræðis sem innleitt verður í starfsemi starfsendurhæfingarstöðvar (SES). Aðferð: Rannsóknin er þátttökurannsókn og þátttakendur einstaklingar sem stunduðu endurhæfingu í SES og völdu að taka þátt. Gagnasöfnun stóð yfir í heilt ár. Valdir voru sjö náttúrustaðir í nágrenni SES og eiginleikar þeirra metnir með notkun matslista. Einnig var stunduð náttúrutengd iðja (NTI) og metið hversu þýðingarmikið og gefandi þátttakendur upplifðu að taka þátt. Rýnihópa- og óformleg viðtöl, skráning minnisþunkta, myndataka og ígrundun í gegnum allt ferlið, var mikilvægur þáttur gagnaöflunar. Niðurstöður: Allir náttúrustaðirnir höfðu eiginleika heilsueflandi umhverfis, skv. kenningunni um endurheimt athygli og skilgreiningu á átta skynjuðum víddum umhverfisins. Fjörur og svæði við sjó aðeins meiri en skógræktir og listigarður í bæ hafði minnstu heilsueflandi eiginleikana. Marktækur munur var á 5 af 6 þáttum hugarástands fyrir og eftir dvölinu á náttúrustöðunum. Þátttakendur upplifðu allar gerðir iðju þýðingarmiklar og gefandi; tómstundaiðju, garðyrkju og leik mest, en nýttjar og inniræktun þar á eftir. Ályktanir: Náttúrustaðirnir hentuðu sem vettvangur fyrir NTE og dvöl á þeim hafði jákvæð áhrif á hugarástand. Iðja úti í náttúrunni þótti meira þýðingarmikil og gefandi heldur en NTI stunduð innandyra. Niðurstöður bentu til þess að jákvætt sé að vera eins mikið og hægt er úti í náttúrunni og stunda iðju án krafna um afurð eða árangur. Góð upplifun af tómstundum og leik gæti þýtt að sú iðja auki jafnvægi í daglegu lífi og gefi tækifæri til ástundunar iðju sem gjarnan gleymist eða er ekki forgangsraðað í lífi fólks. Lykilorð: Náttúrutengd endurhæfing, starfsendurhæfing, þátttökurannsókn, þýðingarmikil iðja, gefandi iðja, náttúrutengd iðja, heilsuvakning, heilsueflandi umhverfi, heilsuefning, eigindleg rannsókn.

Harpa Lind Kristjánsdóttir

Starfsheiti og vinnuveitandi: Forstöðumaður, Starfsendurhæfing Vestfjarða og iðjubjálfi

Netfang: harpa@sev.is

Áhrif náttúru á heilsu og velferð

Útdráttur: Á síðustu árum hefur þeim einstaklingum fjölgað sem leita sér faglegs stuðnings vegna streitu einkenna og kulnunar í starfi. Ein þeirra nálgana sem hlotið hefur eftirtekt þegar unnið er með fólki með kvíða og streitu einkenni, er náttúrameðferð. Sýnt hefur verið fram á að þegar dvalist er úti í náttúrunni undir faglegri leiðsögn þá hafi það jákvæð líðan og geti stutt einstaklinga sem kljást við streitukenndan vanda að ná bata og tilfinningalegu jafnvægi. Markmiðið var að rýna í hvort leiðbeinendum námskeiðsins Staldraðu við – heilandi áhrif náttúru á streitu, takist að nýta náttúrameðferð í starfi sínu með fólki með streitutengdan vanda. Leitað var svara við spurningunni: Tókst leiðbeinendum námskeiðsins Staldraðu við – heilandi áhrif náttúrunnar á streitu að styðja þátttakendur til betri heilsu? Gögnin voru fengin með eigindlegri og megindlegri aðferð. Lagðir voru ASEBA matslistar og tekin hálfstöðluð viðtöl við þátttakendur fyrir og eftir meðferð. Helstu niðurstöður eru þær að matslistar sýndu fram á marktæka jákvæða breytingu varðandi hegðun og líðan fimm þátttakanda af sjö í kjölfar meðferðar. Upplifun allra þátttakenda var að útiveran undir leiðsögn faglegs leiðbeinanda, hefði hjálpað þeim að ná ákveðinni ró og einbeitingu til að greiða úr tilfinningalegum vanda og endurheimt fyrri heilsu. Það er von höfunda að þessar niðurstöður auki áhugann á frekari rannsóknum á áhrifum náttúru á líðan og einnig hvernig hægt sé að meta árangur úrræða innan velferðarþjónustu.

Hervör Alma Árnadóttir

Starfsheiti og vinnuveitandi: Dósent við félagsráðgjafadeild HÍ.

Netfang: hervora@hi.is

Tóbaksreykingar meðal unglunga sem sækja skóla í Bissá

Útdráttur: Notkun tóbaks í heiminum má líkja við faraldur. Algengi tóbaksreykinga er almennt lægra í Afríku sunnan Sahara borið saman við aðrar heimsálfur. Notkunin er þó vaxandi vandamál í álfunni og í brennidepli tóbaksframleiðenda sem vænlegur markaður samhliða hertum reglum og minnkandi notkun í hátekjulöndum. Markmið rannsóknarinnar var að lýsa og greina notkun tóbaks meðal unglunga sem sækja skóla í Bissá, höfuðborg Gíneu-Bissá. Rannsóknin var framkvæmd í júní 2017 með spurningalista Planet Youth. Þátttakendur voru 2,039 nemendur (52% stúlkur) í 16 skólum í höfuðborginni, 12 opinberum og fjórum einkareknum. Tölfræðileg marktækni var miðuð við $p < 0.05$, og líkindahlutfallið (OR) var reiknað með 95% öryggismörkum (CI). Af þeim 1845 unglungum sem upplýsingar eru um höfðu 1573 (85%) aldrei reykt sígarettur. Kynjamunur var í reykingum sígarettu; stúlkur voru ekki eins líklegar til að hafa reykt á ævinni borið saman við drengi ($p = 0.0001$; OR 0.50, 95% CI 0.39-0.66) og algengi daglegra reykinga sjaldnar hjá stúlkum ($n = 9$; 1%) en drengjum ($n = 35$; 4%) ($p = 0.0001$; OR 0.24, 95% CI 0.12-0.50). Algengi notkunar stúlkna á vatnspípum, einu sinni eða oftár á ævinni, var 17,2% ($n = 162$) en 17,9% ($n = 159$) hjá drengjum og var enginn tölfræðilega marktækur kynjamunur á notkun þeirra ($p = 0.6754$). Algengi reynslu unglunga í Bissá á notkun hvers kyns tóbaks á lífsleiðinni (sígarettur, vatnspípur, tyggja tóbak og tóbak í nefið) var 28,5% ($n = 559$); drengir voru 1.29 sinnum (95% CI 1.05-1.57) líklegri til að hafa notað hvers kyns tóbak á lífsleiðinni borið saman við stúlkur. Fyrir utan kynjamun voru aðrir áhrifaþættir á neyslu tóbaks m.a. daglegar reykingar í fjölskyldu nni, efnahagur foreldra, viðhorf félaga til notkunar á tóbaki, notkun svarenda á áfengi og öðrum vímuefnum, reynsla af notkun félagsmiðla og af afbrotum og ofbeldi. Efla þarf tóbaksforvarnir í landinu, m.a. í skólum landsins. Lágt algengi daglegra sígarettu reykinga í Bissá gefur tækifæri til að efla tóbaksforvarnir í skólum landsins. Hátt algengi á notkun vatnspípa í Bissá meðal unglings drengja og -stúlkna er nýlegt og vaxandi vandamál í Bissá og notkun þeirra gæti lagt grunn að frekari notkun sígarettna í landinu en nú er.

Geir Gunnlaugsson

Meðhöfundar: Thomas Andrew Whitehead Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild, Félagsvísindasvið Háskóla Íslands; taw5@hi.is Aladje Baldé Jean Piaget University of Guinea-Bissau, Bissau, Guinea-Bissau; aladje@gmail.com Zeca Jandi Rannsóknarstofnun félagsvísinda, Bissá, Gíneu-Bissá; jandizeca@gmail.com Hamadou Boiro Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild, Félagsvísindasvið Háskóla Íslands og Rannsóknarstofnun félagsvísinda, Bissá, Gíneu-Bissá; hboiro@gmail.com Jónína Einarsdóttir Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild, Félagsvísindasvið Háskóla Íslands; je@hi.is

Starfsheiti og vinnuveitandi: Prófessor emerítus í hnattrænni heilsu við Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild, Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Netfang: geirgunnlaugson@hi.is

Málstofa 4: Ferðapjónusta

Endurhugsun ferðapjónustu: Nær ferðapjónusta og möguleikar til framtíðar

Útdráttur: Áður en heimsfaraldur COVID-19 skall á í ársbyrjun 2020 voru vinsældir norðurslóða sem áfangastaðar ferðamanna vaxandi. Víða var verið að vinna að því að byggja upp ferðapjónustu og laða að fleiri ferðamenn og stóðu sumir áfangastaðir í þessum heimshluta á sama tíma frammi fyrir áskorunum vegna þess hve hratt ferðapjónustan óx á skömmum tíma. Ferðapjónustu hefur verið teft fram sem nokkurs konar þróunnarráði, ekki síst í dreifbýli og á jaðarsvæðum norðurslóða um árabil. COVID-19 hafði mikil áhrif á ferðapjónustu hvarvetna á norðurslóðum en áhrifin birtust með ólíkum hætti eftir svæðum. Heimsfaraldurinn dróg fram veikleika ferðapjónustu en undirstrikaði einnig efnahagslegt sem og samfélagslegt mikilvægi hennar. COVID-19 krísan leiddi til þess að fólk tók að endurhugsa forsendur fyrir vexti ferðapjónustu og neikvæðum afleiðingum hans á loftslag, vistkerfi og samfélög. Endurhugsun ferðapjónustu á tímum COVID-19 felur í sér að rýna undirliggjandi gildi ferðamennsku jafnt sem ferðapjónustu sem atvinnugreinar og þróa ferðavörur sem hafa gildi fyrir nærsamfélög og efla þannig samfélög og umhverfi. Í erindinu verður sjónum sérstaklega beint að því sem kalla má nær-ferðapjónustu (e. proximity tourism) sem er ein af þeim leiðum sem hlotið hafa athygli í umræðu um endurmat á forsendum og drifkröftum ferðamennsku. Í erindinu mun ég fjalla um einkenni og forsendur nær-ferðapjónustu og rýna í möguleika slíkrar ferðapjónustu á gagnrýninn hátt með hliðsjón af niðurstöðum verkefnisins Partnership for Sustainability: Arctic Tourism in Times of Change. Verkefnið var styrkt af Norrænu ráðherranefndinni 2018-2021 og miðaði að því að greina og lýsa forsendum og leiðum til sjálfbærrar ferðapjónustu á norðurslóðum. Unnið var að því markmiði í samvinnu rannsakenda, framhaldsnema, forsvarsfólks ferðapjónustufyrirtækja, aðila úr stoðkerfi greinarinnar og frumkvöðla í ferðapjónustu.

Gunnar Þór Jóhannesson

Starfsheiti og vinnuveitandi: Prófessor, Háskóli Íslands, Líf- og umhverfisvísindadeild

Netfang: gtj@hi.is

Ferðapjónusta í nýju ljósi?

Viðhorf íbúa til ferðamanna og ferðapjónustu á Covid-tímum

Ferðamennska og ferðapjónusta geta haft margvísleg menningarleg og félagsleg áhrif á samfélag heimamanna, sem aftur getur hefur áhrif á viðhorf fólks til atvinnugreinarinnar. Rannsóknir hafa ítrekað sýnt fram á mikilvægi þess að heimamenn séu hafðir með í ráðum þegar kemur að uppbyggingu og þróun ferðapjónustu og að velvilji þeirra sé mikilvægur liður í sjálfbærri þróun greinarinnar. Niðurstöður rannsókna á viðhorfum Íslendinga sýna að í huga heimamanna er ferðapjónustan ekki bara atvinnugrein sem skapar verðmætar tekjur og atvinnu heldur er hún einnig félagslegt, mótandi afl sem nærir fólk og viðheldur gangverki samfélaga. Kórónuveirufaraldurinn breytti öllum forsendum ferðapjónustunnar sem varð fyrir meiri röskun vegna veirunnar en flestar aðrar atvinnugreinar. Hér á landi, líkt og annars staðar í Evrópu, fækkaði erlendum ferðamönnum um 75% milli ára 2020 og 2021. Faraldurinn gæti breytt til frambúðar hvernig fólk ferðast og sömuleiðis haft áhrif á hegðun og viðhorf ferðamanna og íbúa. Í erindinu verður sjónum beint að reynslu landsmanna af því að búa við ferðapjónustu í byggðum landsins í heimsfaraldri og hugmyndum þeirra um endurreisn ferðapjónustunnar að faraldri loknum. Gagna var aflað veturinn 2020-2021 á fimm stöðum; Ísafirði, Mývatnssveit, Akureyri, Höfn í Hornafirði og 101 Reykjavík. Tekin voru eigindleg viðtöl við íbúa (3 rýnihópaviðtöl á Akureyri og 44 einstaklingsviðtöl á hinum stöðunum) og megindleg spurningakönnun var lögð fyrir úrtak íbúa á hverjum stað. Í erindinu verða sjónarmið íbúa á Ísafirði í forgrunni og sem verða spegluð við niðurstöður frá hinum stöðunum fjórum. Á flestum stöðum fór samfélag íbúa ekki varhluta af áhrifum faraldurs á ferðapjónustu. Á Ísafirði virtist fækkun ferðamanna ekki hafa mikil áhrif en á hinum stöðunum var breytingin mun sýnilegri. Niðurstöðurnar benda til þess að Covid-19 faraldurinn hafi dregið fram mikilvægi ferðapjónustu í atvinnulífi svæðanna. Brotthvarf erlendra ferðamanna afhjúpaði bæði hversu mikilvæg ferðapjónustan var orðin fyrir atvinnulíf og mannlíf á einstökum svæðum og hvað tengingar samfélags og ferðapjónustu lágu víða. Fram kom vilji fyrir því að ferðapjónustan næði fyrri styrk að faraldrinum loknum en á sama tíma vonuðust íbúar til að tóm hefði myndast til endurskipulagningar í greininni til að efla sjálfbærni ferðapjónustunnar og auka ánægju íbúa.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir

Starfsheiti og vinnuveitandi: Sérfræðingur - Rannsóknamiðstöð ferðamála

Netfang: ejb@rmf.is

Seigla í íslenskri ferðaþjónustu - Viðbrögð við krísu

Útdráttur: COVID-19 faraldurinn og ferðatakmarkanir af þeim sökum hafa haft mikil áhrif á íslenska ferðaþjónustu og mörg fyrirtæki voru nánast án tekna á árinu 2020. Árið 2020 var 76% samdráttur í komu erlendra ferðamanna til Íslands, og er Ísland meðal þeirra landa í Evrópu sem hafa orðið fyrir mestum samdrætti ferðaþjónustunnar vegna heimsfaraldurs COVID-19. Kynning þessi byggist á rannsókn á aðlögunarhæfni og seiglu í ferðaþjónustu. Áherslan verður á hvernig ólík ferðaþjónustufyrirtæki hafa brugðist við þeirri krísu sem fylgdi kórónuveiru faraldrinum. Gögnin samanstanda af viðtölum, rýnihópum og dagbókarrannsókn við rekstraraðila úr ferðaþjónustu ásamt viðtölum við einstaklinga úr stoðkerfi ferðaþjónustunnar og stjórnsýslu sveitarfélaga. Niðurstöður sýna að heimsfaraldurinn undirstrikaði mikilvægi fjölbreyttra tengsla til að takast á við áskoranir fyrirtækjanna. Niðurstöðurnar sýna einnig mikilvægi ríkisstuðnings, sérstaklega aðgerðir sem gerðu fyrirtækjum kleift að halda í lykilstarfsmenn. Fáir innlendir ferðamenn voru mikilvægir bandamenn margra á erfiðum tímum. Enn fremur mátti sjá að eftir 18 mánaða varnarbaráttu sýndu stjórnendur þreytu, bæði andlega og líkamlega. Áhyggjur voru uppi að skapandi og reynslumikið fólk myndi hætta í greininni vegna þessa.

Íris Hrund Halldórsdóttir

Starfsheiti og vinnuveitandi: Sérfræðingur RMF

Netfang: irish@rmf.is

Skemmtiferðaskip til Ísafjarðar: tækifæri eða ógn?

Skemmtiskipa ferðamennska á norðurslóðum hefur farið ört vaxandi undanfarin ár. Ferðamenn vilja upplifa þá stórkostlegu náttúru og einstöku menningu norðurslóðir hafa uppá að bjóða. Þessir ferðamenn geta verið mikilvæg auðlind fyrir afskekkt hafnarsamfélög á norðurslóðum. Öll þjónusta í kringum skemmtiskipafarþega getur skapað grundvöll fyrir aukinni þjónustu fyrir íbúa sem og aukið framboð atvinnutækifæra. En þrátt fyrir efnahagslegan ávinning og aukin tækifæri sem skemmtiskipa ferðamennska getur haft fyrir hafnarsamfélög hafa félags- og umhverfismál sem tengjast þessari tegund ferðamennsku sætt mikilli gagnrýni. Skemmtiskipafélög hafa í auknu mæli sýnt Vestfjörðum áhuga. Langflest skemmtiferðaskip sem stoppa við á Vestfjörðum leggja við Ísafjarðarhöfn og er höfnin í dag þriðja umfangsmesta skemmtiskipa höfn Íslands. Á háannartíma getur fjöldi fólks í bænum þrefaldast sem veldur auknu álagi á innviði, umhverfi og rými. Þessar áskoranir geta reynst erfiðar fyrir lítil bæjarsamfélög eins og Ísafjörð, sérstaklega þar sem ferðaþjónustan hefur sýnt með tilkomu Covid-19 heimsfaraldursins vera sveiflukennnd atvinnugrein. Árið 2019, fyrir heimsfaraldurinn, komu 125 skemmtiferðaskip til Ísafjarðar með um 97.700 farþega. En árið 2020 komu hins vegar engin skemmtiferðaskip. Þrátt fyrir mikinn samdrátt í ferðamennsku á heimsvísu komu 55 skip til Ísafjarðar sumarið 2021 og von er á 163 sumarið 2022. Það má því segja að áhugi hafi ekki dvínað með tilkomu faraldursins. Rannsóknamiðstöð Ferðamála er aðili að fjölþjóðlegu rannsóknarverkefni á svæðisbundinni stjórnun og stýringu skemmtiferðaskipa á norðurslóðum. Verkefnið ber heitið Sjálfbær móttökusvæði skemmtiskipa á norðurslóðum: Frá starfsháttum til stýringar (e. SACC - Sustainable Arctic Cruise Communities: From Practice to Governance). Forsenda verkefnisins er gríðarleg aukning sem á undanförunum árum hefur orðið á fjölda skemmtiferðaskipa á norðurslóðum. Til rannsóknar eru aðstæður á völdum móttökusvæðum skemmtiferðaskipa í Noregi, Rússlandi, Grænlandi og Íslandi, þar sem einblýnt er á Ísafjörð fyrir íslenska hluta verkefnisins. Markmið rannsóknarinnar er að leita bestu leiða til stýringar með sjálfbærni að leiðarljósi. Frumgreining gagna úr þessari rannsókn bendir til þess að geta Ísafjarðarbæjar til þess að taka á móti þeim gríðarlega fjölda skipafarþega sem heimsækja bæinn á stórum skemm tiskipadögum er takmörkuð með tilliti til innviða bæjarins.

Ása Marta Sveinsdóttir

Starfsheiti og vinnuveitandi: Sérfræðingur hjá Rannsóknamiðstöð ferðamála

Netfang: asamarta@rmf.is

„Fátt fólk og fuglarnir“ Hreyfanleiki og uppbygging ferðapjónustu á Melrakkaslétu

Útdráttur: Þrátt fyrir að Ísland hafi á árunum fyrir heimsfaraldur C-19 æ oftar heyrst í tengslum við offjölgun ferðamanna, átti sú umræða helst við höfuðborgarsvæðið og nágrenni þess. Eitt þeirra svæða sem hvað síst varð vart uppgangs ferðapjónustunnar var Melrakkaslétta á norðausturströnd landsins. Svæðið, sem áður geymdi ríkumannlegar bújarðir og fjöld hlunninda, hefur á undanförunum áratugum helst komist í landsfréttir vegna samfélagslegra áskoranna, samdráttar í helstu atvinnuvegum og tilheyrandi fækkunar íbúa. Til að bregðast við þessu langvarandi ástandi hafa heimamenn meðal annars horft til uppbyggingar ferðapjónustu. Í þessu erindi verða kynntar niðurstöður eigindlegrar rannsóknar á tengslum hreyfanleika og ferðapjónustu á Melrakkaslétu. Svæðið býr yfir góðum vegtengingum og auðveldu aðgengi, meðan skortur á almenningssamgöngum og fjarlægð frá helstu ferðaleiðum hafa hamlað uppbyggingu. Rannsóknin fylgir hinum samofnu kerfum samgangna, vegtenginga, fjarlægða og umhverfis og þess hvernig umbreyting eins þáttar getur haft vítæk áhrif á aðra þætti. Í forgrunni er Heimskautsgerðið, veglegt útilistaverk var reist í þeim tilgangi að minna á þorpið eftir að tilfærsla þjóðveggar færði það úr alfaraleið. Í dag er verkið hins vegar álitnið einn helsti segull ferðapjónustu svæðisins enda hefur heimsóknunum að því fjölgað jafnt og þétt á undanförunum árum. Ekki eru þó allir á eitt sáttir um það hvernig þessar heimsóknir verði best nýttar, og hvers það væri að gera það, auk þess sem víða má finna þau sem eru efins um það að viðkvæm heimskautsnáttúra Melrakkaslétu beri mikla fjölgun ferðamanna.

Þórný Barðadóttir

Starfsheiti og vinnuveitandi: Doktorsnemi, Háskóli Íslands og sérfræðingur á RMF

Netfang: thb140@hi.is

Fræðslustarf í smærri ferðapjónustufyrirtækjum: Áskoranir við uppbyggingu þjónustugæða

Útdráttur: Fræðsla og þjálfun starfsfólks í ferðapjónustu er undirstaða til að byggja upp og treysta gæði þjónustu og efla samkeppnishæfni. Lítil fyrirtæki eiga oft erfiðara með að nálgast fræðslu á markvissann hátt þar sem fjármagn er lítið, árstíðarsveifla er oft mikil og starfsmannahópurinn oft fjölbreyttur og fjölþjóðlegur. Í erindinu er gerð grein fyrir rannsókn á fræðslustarfi í smærri ferðapjónustufyrirtækjum með áherslu á þær áskoranir sem þau standa fyrir og mögulegar úrbætur, sérstaklega í formi rafrænnar fræðslu og svæðisbundins samstarfs. Umfjöllunin byggir á gögnum sem safnað var í tveimur tengdum rannsóknum. Báðar byggja á eiginlegum aðferðum. Annars vegar er um að ræða rannsókn á fræðslustarfi í smærri ferðapjónustufyrirtækjum. Gögnum var safnað með hálfstöðluðum viðtölum meðal stjórnenda 11 fyrirtækja vorið 2021. Hins vegar er um að ræða rannsókn á hagnýtingu rafrænnar fræðslu í ferðapjónustufyrirtækjum, áskorunum og möguleikum sem í henni felast. Gögnum var safnað með hálfstöðluðum viðtölum við fræðsluaðila og forsvarsfólk fræðslumála hjá fyrirtækjum, alls 21 viðtal sumarið 2020. Helstu niðurstöður eru að hindranir fræðslumála smærri ferðapjónustufyrirtækja eru helst tengdar megin einkennum ferðapjónustunnar þ.e. að hún er árstíðabundin og í því felst að erfitt er að nálgast hæft starfsfólk. Þjálfun og undirbúningur starfsfólks til að takast á við áskoranir í daglegum störfum til að efla og viðhalda þjónustugæðum fer oft fram á óskipulagðan hátt. Þannig spilar ákvarðanatataka og stuðningur stjórnenda lykilhlutverk í fræðslustarfi og undirbúningi til að ýta undir árangursríka starfsemi. Möguleikar eru á rafrænni fræðslu til starfsfólks og svæðisbundnu samstarfi fyrirtækja fyrir slíka fræðslu. Slík nálgun getur gagnast vel fyrir fjölþjóðlegan starfsmannahóp auk þess að hægt er að skipuleggja hana þannig að ekki þurfi að mæta á tilteknum tíma á fyrirlestra eða námskeið. Á hinn bóginn getur kostnaður við að skipuleggja og koma á rafrænni fræðslu staðið smærri fyrirtækjum fyrir dyrum.

Magnús Haukur Ásgeirsson, Gunnar Þór Jóhannesson, Lilja Karen Kjartansdóttir

Starfsheiti og vinnuveitandi: Háskóli Íslands. Magnús Haukur Ásgeirsson, Aðjúnkt; Gunnar Þór Jóhannesson, Prófessor; Lilja Karen Kjartansdóttir, Sérfræðingur

Netfang: mha@hi.is

“Það hefur verið þarna 1.5.% þjóðarinnar”: Þverþjóðleiki Kanaríeyja og íslenskir ferðalangar

Útdráttur: Kanaríeyjar hafa lengi haft mikilvægan sess sem áfangastaður ferðafólks frá Íslandi og Norður-Evrópu. Á árinu 2019 heimsóttu t.d. tæplega 50 þúsund eyjarnar frá Íslandi. Mikil uppbygging síðustu áratuga vegna fjöldaferðamennsku hefur breytt ásýnd eyjaklasans verulega, sem líta má á sem framhald umtalsverðra samfélagslegra og umhverfislegra breytinga á eyjunum. Þessi fyrirlestur fjallar um Íslendinga á Kanarí og spyr hvernig líta Íslendingar á sjálfa sig í því þverþjóðlega samfélagi sem finna má á Kanaríeyjum? Að hvaða leyti skiptir íslenskt þjóðerni máli fyrir þá sem þangað sækja og við hvaða hópa samsama þeir sig sem koma frá Íslandi? Þrátt fyrir að beina sjónum að mestu að röddum Íslendinga á eyjunum eru spurningar fyrirlestursins einnig settar í samhengi við atvinnuuppbyggingu á eyjunum og hvaða áhrif ferðamennska hefur haft á líf þar. Fyrirlesturinn byggir að mestu á viðtölum sem tekin voru á Íslandi og á Kanaríeyjum við fólk sem hefur þar búsetu og sem kemur sem ferðfólk. Lögð er áhersla á að skilin milli þessara hópa eru óljós og flæðandi.

Kristín Loftsdóttir

Starfsheiti og vinnuveitandi: Prófessor, Háskóli Íslands

Netfang: kristinl@hi.is

Málstofa 5: Stjórnun og fjármál

Umgjörð reikningsskila

Útdráttur: Ársreikningar eru einn helsti vettvangur að upplýsa haghafa um rekstrarlegan sem og fjárhagslegan árangur. Umgjörð reikningsskil er ekkert lögmál, heldur er þetta mannanna verk, þ.e. stjórnvaldsins. Eins og kemur fram í Hugtakaramma er fylgja Alþjóðlegu reikningsskilastöðlum (e IFRS) þá er meginmarkmið þeirra að; „The objective of general purpose financial reporting is to provide financial information about the reporting entity that is useful to existing and potential investors, lenders and other creditors in making decisions relating to providing resources to the entity.“ Þessu markmið er ekki náð nema að umgjörð reikningsskila sé þannig að þriðji aðili geti skilið gerð og framsetningu reikningsskilanna. Hér eru lög um ársreikninga sem er helst umgjörð reikningsskila, samhliða eru Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (e IFRS) fyrir fyrirtæki sem eru með skráð hlutabréf eða skilgreind sem einingar tengdum almannahagsmunum (e Public Interest Entities). Til viðbótar koma reikningsskilareglur um sveitarfélög, fyrirtæki er lúta eftirlit Fjármálaeftirlitsins og nú síðast IPSASA reikningsskilastaðlar vegna ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja. Það eru margir aðilar sem koma að setningu reikningsskilareglna og hver og einn hefur sitt sjónarhorn, s.s. Reikningsskilaráð, Reikningsskilaráð Ríkisins, Reikningsskila- og upplýsinganefnd er tengist sveitarfélögum, útgáfu reglna og tilmæla frá Fjármálaeftirlitinu, Fjársýsla ríkisins o.fl. Þegar margir og ólíkir aðilar koma að setningu reglna um gerð og framkvæmd reikningsskila er möguleikinn á því að sama efnisatriðið er varðar gerð og framsetningu reikningsskila verði meðhöndlað á mismunandi hátt. Eitt að megin markmiði Alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna er að samræma og samhæfa sömu efnisatriði við gerð og framsetningu reikningsskila. Fyrirlesturinn fjallar um umgjörð reikningsskila á Íslandi.

Einar Guðbjartsson

Starfsheiti og vinnuveitandi: Dósent - Viðskiptafræðideild - Háskóli Íslands

Netfang: eg@hi.is

Verkefnastjórnun - Straumlínustjórnun í ferðapjónustu

Útdráttur: Á Íslandi hefur ferðapjónustan verið í verulegum vexti undanfarin ár og náði hámarki árin 2017-2018 þegar heildarfjöldi erlendra ferðamanna var um 2,3 milljónir (Ferðamálastofa, 2020). Vegna erfiðra aðstæðna hjá fyrirtækjum í ferðapjónustu varð til þankagangur um uppbyggingu á ferðapjónustu með straumlínustjórnun. Rannsóknin fjallar um straumlínustjórnun innan ferðapjónustunnar og hvort hún gæti ýtt undir betri árangur ferðapjónustufyrirtækja, þá sérstaklega í krísum líkt og Covid-19. Leitast er við að svara rannsóknarspurningunni: „Getur straumlínustjórnun stutt við ferðapjónustufyrirtæki í krísum?“. Markmið rannsóknarinnar er að stuðla að uppbyggingu atvinnugreinarinnar með því að nota rannsóknina sem aðstoðartól til þess að komast í gegnum þessa krísu. Til að afla gagna var framkvæmd eigindleg rannsókn (nínu viðtöl) hjá ferðapjónustufyrirtæki á íslenskum markaði, bæði fyrirtæki sem vinna eftir straumlínustjórnun og fyrirtæki sem gera það ekki. Niðurstöður benda til þess að straumlínustjórnun geti komið að góðum notum í krísu og því fyrr sem fyrirtækið tekur skref í átt að innleiðingu, því betra. Niðurstöður benda einnig til þess að til að innleiðing verði árangursrík er mikilvægt að fá verkefnastjóra sem skoðar aðstæður fyrirtækis og hefur yfirsýn með verkefninu.

Berglind Björk Sigurðardóttir og Eðvald Möller PhD

Starfsheiti og vinnuveitandi: Lektor við Háskóla Íslands

Netfang: eddi@hi.is

Verkefnastjórnun - Er hægt að hagræða með straumlínustjórnun?

Straumlínustjórnun gengur út á að auka virði viðskiptavinarins en á sama tíma að lágmarka kostnað. Sífelld fleiri íslensk fyrirtæki bætast í hóp þeirra sem vilja hagræða í rekstri og ná betri árangri. Markmiðið með rannsókninni var að kanna viðfangsefnið með því að rýna HR ferli fyrirtækis, greina núverandi stöðu, gera grein fyrir sóun og koma með umbótatillögur. Jafnframt að lýsa þeim hindrunum sem fyrirtæki í svipaðri stöðu standa frammi fyrir. Lagt var upp með að rannsaka hvort straumlínustjórnun gæti nýst þegar kemur að viðfangsefnum og hindrunum í starfsmannahaldi. Til að svara rannsóknarspurningunni var framkvæmd tilviksrannsókn með eigindlegum rannsóknar-aðferðum en þá eru eitt eða nokkur tilvik rannsökuð í smáatriðum til að þróa eins ítarlegan skilning og mögulegt er á tilvikunum með vettvangsrannsókn. Tekin voru viðtöl við starfsmenn fyrirtækis og virðisstraumar settir upp með BPMN. Teiknað var upp núverandi ferli HR-deildar, gerð grein fyrir sóun og lagðar voru fram umbótatillögur. Helstu niðurstöður benda til þess að hægt sé að greina sóun og gera ýmsar umbætur í ferlinu og hjálpa til við að hagræða í rekstri. Niðurstöður munu nýtast hlutaðeigandi fyrirtæki til að vinna að enn frekari úrbótum ef þess er þörf en slíkt getur skilað sér í sterkari stöðu fyrir rekstur fyrirtækisins.

Ásta Sigríður Birgisdóttir og Eðvald Möller

Starfsheiti og vinnuveitandi: Háskóli Íslands

Netfang: eddi@hi.is

Verkefnastjórnun - Lykilþættir í árangri?

Útdráttur: Verkefnastjórnun hefur vaxið sem fagsvið á undanförunum árum. Til marks um það er mikil aukning á fjölda vottaðra verkefnastjóra sem starfa hér á landi. Fyrirtæki stýra einnig stefnumiðuðum markmiðum sínum í síauknum mæli með verkefnavinnu þvert á skipulag. Markmiðið með þessari tvíþættu rannsókn var að draga fram þá lykilþætti sem skapa árangur í verkefnum. Annars vegar er um að ræða meginlega rannsókn á formi spurningarkönnunar sem lögð var fyrir starfandi verkefnastjóra á Íslandi. Hins vegar eigindlega rannsókn á formi viðtala við aðila sem gáfu kost á slíku eftir þátttöku í spurningakönnun. Markmið rannsóknarinnar var að kanna viðhorf verkefnastjóra hér á landi, bæði verkefnastjóra sem hafa hlotið menntun á sviðinu og þeirra sem hafa ekki menntun á sviðinu, þeirra sem hafa hlotið vottun og þeirra sem ekki hafa hlotið vottun og bera saman við þá þætti sem IPMA og PMI leggja til grundvallar árangursríkri verkefnastjórnun. Niðurstaða rannsóknar var að þó verkefnastjórar hér á landi hafi tileinkað sér hluta aðferðafræði IPMA og PMI þá er enn langt í land með að verkefni séu unnin að fullu eftir þeim grunni. Rannsóknin leiddi einnig í ljós að oft er árangur ekki í fullu samræmi við upphafleg markmið en meginmarkmið aðferðafræði IPMA og PMI er að ná góðri útkomu úr verkefnavinnu með viðurkenndum aðferðum. Þátttakendur í rannsókn mátu teymisvinnu, forystu, heilindi og áreiðanleika sem mikilvægustu þætti sem skapa árangur í verkefnum.

Kristján Þorvaldsson og Eðvald Möller

Starfsheiti og vinnuveitandi: Lektor við Háskóla Íslands

Netfang: eddi@hi.is

Fjármögnunarleigusamningar

Útdráttur: Leigusamningar (e Leases), oft nefnt fjármögnunarleigusamningar, eru að verða ein algengasta fjármögnunarleið fyrirtækja í dag. Leigusamningar er ekki neitt nýtt undir sólinni, en það sem hefur vafist fyrir hinu opinbera, löggjafanum, er hvernig eigi að færa þessa leigusamninga í ársreikninga leigutaka. Leigusamninga má rekja allt aftur til Rómaveldis. Þar var eignarétti (e ownership) skipt í tvennt; eignarréttur (e the right of ownership/Dominium Directum) og nýtingarréttur (e the right of use/Dominium Utile). Í reikningsskilastaðli IAS 17, þá var leigusamningum skipt í tvennt, rekstrarleigusamningar og fjármögnunarsamningar. Var það háð skilyrðum hvort samningurinn var skráður í ársreikning sem eign og skuld eða ekki. IFRS 16, Leases, tók gildi 2018 og þá voru ekki gerðar neinar undantekningar, allir samningar á að eignfæra og skuldfæra. Könnun sem gerð var 2015 á vegum IFRS voru leigufjárhæðir ca. 2,18 trillions dollarar (núvirt) í sem ekki voru skráð í efnahagsreikning. Reikningsskilaráð gaf út reglugerð, RR6, um leigusamninga árið 2021, sem í raun fer gegn þeirri viðleitni IFRS að skrá alla leigusamninga í ársreikning. Þessi afstaða leiðir til þess að ójafnvægi skapast á markaðnum með tillit til þess hvort rekstrarfjármunir eru keyptir eða leigðir, sem dæmi um þetta má nefna flokkun fyrirtækis í stærðarflokk skv. 2.gr. ársreikningalaga. Annað atriði sem má nefna er rekstrarárangur, skuldahlutfall eða eiginfjárhlutfall. Þessar kennitölur er í dag mjög mikilvægar þar sem í mörgum útboðum er ákvæði um t.d. ákveðið lágmark á eiginfjárhlutfalli. Hér verður því mikið misvægi (óréttlæti) í því að uppfylla ákvæði útboðsskilmála. Hér eru oft hundrað milljónir króna í húfi eða jafnvel milljarðar. Fyrirlesturinn fjallar um það vandamál að reikna rekstrarárangur fyrirtækja og fjárhagsstöðu þess.

Nafn: Einar Guðbjartsson

Starfsheiti og vinnuveitandi: Dósent - Viðskiptafræðideild - Háskóli Íslands

Netfang: eg@hi.is

Málstofa 6: Stétt og velferð

Hættulegustu staðir landsins: sögusvið vinsælustu bóka þjóðarinnar

Útdráttur: Samspil bókmennta og samfélags er margþætt, bókmenntir eru afsprengi samfélags og í senn endurspegla þær samfélagið sem þær verða til í og takast á við það. Vinsælar bókmenntir eru því áhugavert rannsóknarefni frá samfélagslegum sjónarhóli. Þær allra vinsælustu seljast svo grimmt að fullyrða má að þær hreyfi við almenningi, endurspegli langanir fólks og jafnvel ótta. Um leið hljóta þær að fanga samfélagsleg viðhorf og væntingar og jafnvel eiga sinn þátt í að festa þau í sessi. Hér verður rýnt í samfélagsmynd eða sögusvið vinsælustu bókmenntageinar samtímans á Íslandi, íslensku glæpasögunnar. Skoðað verður hvernig Nordic noir bylgjan ber íslenska glæpasagnahöfunda út fyrir borgarmörkin og gerir Siglufjörð að hættulegasta stað landsins. Sýnt verður hvernig bókmenntalegir glæpir dreifast um landið og skoðað hvað gerir stað að vænlegum vettvangi glæps á bókunarsíðum. Til samanburðar verður rýnt í sögusvið nokkurra vinsælla íslenskra bóka sem ekki flokkast sem glæpasögur. Með talsverðri einföldun má segja að niðurstöðurnar kallast á við kenningar um okkur og hin. Dregnar eru upp ólíkar sviðsmyndir sem kalla má úti (á landi) og inni (á bar): Óhugnaðurinn býr í fámenninu en fjörið í fjölmenninu. Svo er annað mál hvort erfiðara er að ráða niðurlögum morðingja eða miðaldrakrísu.

Brynhildur Þórarinsdóttir

Starfsheiti og vinnuveitandi: dósent við Háskólann á Akureyri

Netfang: brynh@unak.is

Að breyta mataræði heillar þjóðar í þágu umhverfis

Undanfarin misseri hafa vísindamenn við Háskóla Íslands unnið að þverfaglega rannsóknarverkefninu „Sjálfbært heilsusamlegt mataræði – Vísindi sem vegvísir í átt að sjálfbærri framtíð“. Verkefnið leiðir saman sérfræðinga af ólíkum sviðum til að skoða mismunandi mataræði, með áherslu á kolefnisspor Íslendinga. Markmiðið er að auka við þekkingu sem auðveldar stefnumótandi aðilum að taka ákvarðanir um hvernig standa skuli að breytingu í átt að sjálfbæru, heilsusamlegu mataræði og vistvænni matvælaframleiðslu á Íslandi, í takt við síaukna þörf á aðgerðum sem sporna við loftslagsbreytingum. Vitað er að umhverfisvænna mataræði felst að miklu leyti í aukinni neyslu á plöntuafurðum á kostnað kjöts og annarra dýraafurða. Hvernig getur slík mataræðisbreyting átt sér stað meðal þjóðar sem um aldir hefur reitt sig í miklum mæli á dýraafurðir til að komast af? Mikilvægur liður í verkefninu er að skoða menningar- og félagslega þætti sem felast í slíkri breytingu. Til að varpa ljósi á þessa þætti stendur yfir þjóðfræðileg greining meðal fjölbreytts hóps fólks sem nú þegar hefur tileinkað sér sjálfbært og heilsusamlegt mataræði á Íslandi, t.d. grænkeru, grænmetisæta, vistkeru, neytenda lífrænt ræktaðra eða staðbundinna matvæla og annarra sem borða meðvitað með tilliti til umhverfisins, dýraverndar eða eigin heilsu. Hvað fær fólk til að snúa sér að slíku mataræði og halda sig við það? Hvaða viðhorf liggja þar að baki? Hverjar eru helstu áskoranirnar? Í erindinu verður rannsóknin kynnt og rýnt í fyrstu niðurstöður úr gögnum sem aflað hefur verið með eigindlegum viðtölum, vettvangsathugunum og ítarlegri spurningaskrá.

Auður Viðarsdóttir

Starfsheiti og vinnuveitandi: Doktorsnemi við Háskóla Íslands og þjóðfræðingur

Netfang: auvid@hi.is

Fjöll og fjara á Vestfjörðum.

Hönd í hönd með unglíngum í vanda

Útdráttur: Á síðustu árum hefur vaxandi áhugi verið á náttúrameðferð í menntun og í félagslegri vinnu með fólki. Á árunum 1989-2009 var farið með Reykvíska unglínga í vanda í tveggja vikna ferð þar sem gengið var um Strandir og Hornstrandir. Á göngunni fengu unglíngarnir tækifæri til þess að ígrunda líf sitt og reyna nýjar leiðir sem gætu skilað þeim bættum árangri í lífi og námi. Leiðbeinendur nýttu aðferðir reynslunáms til að styðja ungmennin og þótti einstök náttúra Vestfjarða tilvalin til þessa starfs. Í erindinu verður fjallað reynslu og lærdóm leiðbeinenda af starfi með unglíngum úti í náttúrunni. Kynntar verða niðurstöður rannsóknar um þetta einstaka úrræði sem kallað var Hálendishópurinn. Niðurstöður benda til þess að árangur starfsins hafi skilað þátttakendum jákvæðum árangri og reynsla leiðbeinenda áhugaverð fyrir fagfólk sem hefur áhuga á að vinna með nã itttúrunni í meðferð og kennslu. Rannsakendur hafa á síðustu árum bent á heilandi áhrif náttúrunnar í meðferðarstarfi. Því er mikilvægt að skoða hvort úrræði sem þetta á erindi í samtímanum og þá að leita leiða til að þjálfa fagfólk í því að nota náttúrunálgun í meðferð og kennslu.

Hervör Alma Árnadóttir

Starfsheiti og vinnuveitandi: Dósent við félagsráðgjafadeild HÍ.

Netfang: hervora@hi.is

Félagsleg mörk, tekjuójöfnuður og ábyrgð stjórnvalda: Áhrif mismunandi auðmagns á viðhorf Íslendinga til ójafnaðar og velferðarkerfisins

Útdráttur: Félagsfræðingar hafa lengi haft áhuga á hvernig félagsleg stétt og staða hafa áhrif á viðhorf einstaklinga, meðal annars til velferðarríkisins og ójafnaðar. Það eru ýmsar leiðir til að skoða hvernig staða skiptir máli, allt frá áherslu Marx á ráðandi stétt og verkastétt, yfir í áherslu Webers á félagslega stöðu og til kenninga Bourdieu um auðmagn. Hefðbundnar mælingar á menntun og tekjum eru mikilvægar til að skilja hvernig félagslega staða hefur áhrif á viðhorf, en stéttarstaða fólks er mun flóknari og einstaklingar draga mörk sem skilur þá frá öðrum. Þessi mörk tengjast að sjálfsögðu hlutlægur mælingum á stéttarstöðu, en ná líka yfir þætti eins og lífsstíl, félagslegan stuðning og völd. Rannsóknir á velferðarríkinu og ójöfnuði hafa almennt sýnt að þeir sem hagnast meira af stuðningi ríkisins eru líklegri til að styðja velferðarríkið og tilraunir til að draga úr ójöfnuði. Þessar rannsóknir hafa einnig sýnt að stærra samfélagslegt samhengi skiptir máli og að Norðurlandabúar eru líklegri til að styðja velferðarstefnur og síst líklegir til að umbera ójöfnuð. Við notum íslensku þjóðfélagskönnunina 2020 (ISS) til að skoða hvernig mismunandi tegundir auðmagns hafa áhrif á viðhorf til tekjuójafnaðar og ábyrgðar ríkisins að draga úr slíkum ójöfnuði. Við kynnum nýjar mælingar sem sem við höfum kortlagt efnahagslegt, táknrænt, félagslegt og menningarlegt auðmagn Íslendinga og notum þær ásamt hefðbundnari mælingum á stöðu til að skoða viðhorf Íslendinga til ójafnaðar og velferðarkerfisins. Niðurstöðurnar sýna að hefðbundnar mælingar skipta máli en að það er ekki síður mikilvægt að skoða dýpri stéttaskiptingu sem byggir á mismunandi auðmagni fólks til að skilja hvernig viðhorf til velferðarríkisins og ójafnaðar myndast.

Dr. Sigrún Ólafsdóttir, Dr. Jón Gunnar Bernburg

Starfsheiti og vinnuveitandi: Prófessor, Háskóli Íslands; Prófessor Háskóli Íslands

Netfang: sigruno@hi.is

Hefur auðmagn áhrif á hvar einstaklingar upplifa sig í þjóðfélagsstiganum

Útdráttur: Með auknum ójöfnuði í heiminum undanfarna áratugi hefur spurningin um hvar einstaklingar upplifa sig í samfélagsstigan orðið áhugaverðari með tímanum. Auður og tekjur eru mögulega augljósar breytur sem hafa áhrif á upplifaða samfélagsstöðu og menntun hefur einnig verið sýnt fram á að hafi áhrif þegar fólk metur sína eigin stöðu í samfélaginu. Markmið þessarar rannsóknar er að skoða nánar hvaða aðrir þættir það eru sem hafa áhrif á upplifun einstaklinga á hvar þeir sjá sig í samfélagsstiganum með því að skoða mismunandi gerðir auðmagns og samspil auðmagns einstaklinga og upplifaðrar félagslegrar stöðu þeirra. Auðmagn er skoðað út frá kenningum félagsfræðingsins Pierre Bourdieu en í gögnunum sem unnið er úr, Alþjóðlega viðhorfskönnunin frá 2019 um félagslegan ójöfnuði, var sérstaklega spurt um auðmagn og veita þau því tækifæri til að kafa dýpra í hvaða þættir það eru sem hafa áhrif á upplifaða samfélagsstöðu einstaklinga. Skoðað er sérstaklega fjórar gerðir auðmagns; efnahagslegt auðmagn, menningarlegt auðmagn, félagslegt auðmagn og táknrænt auðmagn. Niðurstöður sýna að jafnvel eftir að stjórnað er fyrir öðrum breytum hafa mismunandi gerðir auðmagns áhrif á hvar einstaklingar upplifa sig í samfélagsstiganum.

Ómar Jóhannsson

Starfsheiti og vinnuveitandi: Doktorsnemi, Háskóli Íslands

Netfang: omj3@hi.is

Fæðingar- og foreldraorlof: Markmið, árangur og tilkoma nýrra laga

Útdráttur: Lög um fæðingar- og foreldraorlof, sem samþykkt voru á Alþingi árið 2000, fólu í sér róttækar breytingar á aðstæðum nýbakaðra foreldra. Með löggjöfinni var orlofið lengt (í áföngum) í níu mánuði þar sem hvort foreldri hafði sjálfstæðan, óframseljanlegan rétt til þriggja mánaða og þremur gátu foreldrar skipt að vild. Tilgangurinn með óframseljanlegum rétti var að hvetja feður til töku fæðingarorlofs með það að markmiði að jafna fjölskylduábyrgð mæðra og feðra. Þessi lög voru í gildi þar til heildarendurskoðun leiddi til laga nr. 144/2020, þar sem orlofið var lengt úr níu mánuðum í 12. Með nýju löggjöfinni varð réttur hvors foreldris sex mánuðir en hvort foreldri um sig getur færð sex vikur af eigin rétti til hins foreldrisins. Í erindinu er spurt hvaða breytingar hafa orðið á orlofsnýtingu mæðra og feðra á 20 ára tímabili, samfara breytingum á löggjöfinni og tilkomu nýrra laga. Niðurstöður byggja á gögnum frá Fæðingarorlofssjóði um orlofsnýtingu foreldra. Niðurstöður sýna að frá gildistöku laganna, árið 2000, hefur mikill meirihluti feðra nýtt rétt sinn til töku fæðingarorlofs. Nokkuð dró þó úr orlofsnýtingu feðra eftir að þak á greiðslur var lækkað í kjölfar efnahagshruns. Ennfremur sýna gögnin að meðalfjöldi daga, sem nýttur er af feðrum, er mjög í takt við óframseljanlegan rétt þeirra. Þannig fjölgaði dögum, sem nýttir af feðrum, við gildistöku nýrra laga.

Ásdís Aðalbjörg Arnalds

Starfsheiti og vinnuveitandi: Nýdóktor, Háskóla Íslands

Netfang: aaa1@hi.is

Tvísýnleiki og Airbnb á leigumarkaði

Útdráttur: Hugtakið tvísýnleiki (e. precarity) hefur á síðustu árum verið notað í auknum mæli erlendis, m.a. til að lýsa viðkvæmri stöðu einstaklinga á leigumarkaði. Í slíku samhengi dregur hugtakið fram hvernig formgerðir samfélagsins gera stöðu sumra einstaklinga viðkvæma og undirstrikar mikilvægi þess að setja reynslu þeirra í vítt samhengi. Þetta hugtak má tengja við íslenskan leigumarkað til að skýra hvort og hvernig uppbygging leigumarkaðarins síðastliðin ár skapar leigjendum aðstæður sem einkennast oft af óöryggi. Fyrirlesturinn byggir á nýlegri rannsókn um stöðu leigjenda þar sem safnað er saman megindelegum og eigindlegum gögnum, þ.e. tölfræðiupplýsingum um umfang og ástand leigumarkaðarins, sem og reynslusögum leigjenda sem safnað var með viðtölum árið 2020. Viðmælendur voru bæði Íslendingar og einstaklingar af erlendum uppruna búsettir á Íslandi. Bent er á að séreignastefna hefur löngum einkennt héraðan húsnæðismarkað og staða leigjenda er oft á margan hátt tvísýn. Fram kemur að flestir einstaklingar telji það vera dýrara að leigja en að eiga húsnæði, frásagnir sem útreikningar styðja, en erfitt er að safna fyrir útborgun. Leidd eru rök að því að þetta eigi eftir að versna þegar að Covid áhrif minnki og fleiri leigurými fara aftur í Airbnb leigu. Þetta líklega leiðir til aukin tvísýnleika og hærra leiguverðs ef ferðamennskan fer aftur á skrið, sem ætti að auka vilja fólks til að komast úr þeim aðstæðum. Því er einnig er fjallað um möguleika fólks á leigumarkaði til að safna sér fyrir útborgun á íbúð í dag miðað við fyrri ár eftir hrún.

Dr. Már Wolfgang Mixa

Starfsheiti og vinnuveitandi: Lektor í fjármálum - HR

Netfang: marmixa@ru.is

Málstofa 7: Mörkun

Ósýnileg mæri. Aðild og útilokun innflytjenda í landsbyggðum á Íslandi.

Útdráttur: Í fyrirlestrinum er fjallað um hvernig innflytjendur sem flust hafa til landsbyggða á Íslandi fá aðild að samfélaginu og hvaða merkingu það hefur fyrir þá að tilheyra stað. Víða um land hefur innflytjendum fjölgað á síðustu áratugum, en hlutfall þeirra af heildaríbúafjölda er mishátt eftir svæðum. Ástæður flutninga þeirra eru fjölbreyttar. Fólk hefur komið til landsbyggða á Íslandi til að starfa í matvælaframleiðslu, í ferðapjónustu og af ýmsum öðrum ástæðum. Það kemur víða að, enda þótt langflest komi frá Póllandi og öðrum Evrópulöndum. Umfjöllunin byggir á niðurstöðum níu mánaða vettvangsrannsóknar á Norðanverðum Vestfjörðum, Norðurlandi, Norðausturlandi (þrjú mánuðir á hverju svæði) þar sem tekin voru einstaklings- og rýnihópaviðtöl við bæði aðflutt fólk að heimamenn. Meðal annars var athugað hvernig aðflutt fólk tengist stöðunum, hvernig þátttöku þess er háttáð, hvernig um aðgang að þjónustu, og hvernig það upplifir að því sé tekið. Sér það sig sem hluta af samfélaginu og hvað felst í því? Greining gagna sýnir margbreytilega upplifun innflytjenda og að inngilding og útilokun fer ekki aðeins eftir lengd dvalar og þekkingu á íslensku, heldur einnig hvaða störfum þeir sinna. Það hvernig litið er á hópa sem mismikla útlendinga hefur áhrif á upplifun þeirra. Niðurstöður gefa vísbendingu að líta þurfi til stigveldis upprunalanda þeirra, sem endurspeglar geopólítíska stöðu bæði innan Evrópu og utan.

Dr. Unnur Dís Skaptadóttir

Starfsheiti og vinnuveitandi: Prófessor í mannfræði, Háskóli Íslands

Netfang: unnurd@hi.is

Umhverfismál og sjálfbærni: Flutningur erlends ungs menntafólks til Vestfjarða

Útdráttur: Verulegur brottflutningur hefur orðið frá Vestfjörðum á síðustu áratugum á sama tíma og hlutfall innflytjenda af heildaríbúafjölda svæðisins hefur aukist. Árið 2021 voru 18% Vestfirðinga af erlendum uppruna samanborið við 15% á landinu öllu. Í þessu erindi er sjónum beint að ungu erlendu fólki sem flust hefur til norðanverðra Vestfjarða í menntunarskygni. Meirihluti þess hefur stund meistaranám við Háskólasetur Vestfjarða sem sérhæfir sig í þverfaglegum fræðum um sjálfbæra þróun tengd hafinu og sjávarbyggðum. Háskólasetrið er fjölþjóðleg miðstöð sem laðar að nemendum frá öllum heimshornum. Þrátt fyrir að flestir þeirra yfirgefi svæðið að námi loknu er nokkur hópur sem framlengir dvöl sína og sest jafnvel að. Dreifbýl og fámenn samfélaga, nærri náttúrunni, og fjarri skarkala nútímans – eiginleikar sem venjulega tengjast jaðarbyggðum og fjarlægum samfélögum - er það sem þeir sækjast eftir. Fyrirlesturinn byggir á gögnum þriggja mánaða mannfræðilega vettvangsrannsókn á norðanverðum Vestfjörðum þar sem meðal annars var byggt á viðtölum. Greining viðtala sýnir að þátttakendur í rannsókninni leggja oft áherslu á einstakar aðstæður Vestfjarða sem gera þeim kleift að njóta náttúrunnar allt árið og um leið að innleiða nýja þekkingu og nýstárlega tækni til sjálfbærrar þróunar og framtíðarverndar þessara staða. Í frásögnum þeirra er fjarlægð Vestfjarða táknuð í senn með hugmyndum um áreiðanleika, líf í nálægð við náttúruna og fortíðina, sem og hugmyndum um framsækin, hreyfanleg samfélög sem bregðast við alþjóðlegum áskorunum.

Anna Wojtyńska

Starfsheiti og vinnuveitandi: nýdoktor, Háskóli Íslands

Netfang: annawo@hi.is

Hvað ræður árangri fyrirtækja í dreifðum byggðum

Útdráttur: Með útgangspunkt í ferðapjónustu á landsbyggðinni er fjallað um lykilatriði sem skipta máli varðandi samkeppnishæfni og árangur fyrirtækja. Spurt er hvaða þættir skipta máli fyrir árangur og hvaða máli skipti samspil á milli þátta sem eru tengdir hinu staðbundna umhverfi og þáttum sem eru á forræði fyrirtækja. Einnig er spurt hvort gagnlegt geti verið að rýna í viðfangsefnið samtímis út frá nokkrum rannsóknareiningum. Ferðapjónusta hefur gengið í gegnum erfiða tíma undanfarin ár vegna heimsfaraldurs og það er margt sem bendir til að mörg fyrirtæki séu í erfiðri stöðu bæði hvað varðar rekstur og fjárhag. Erindið greinir frá rannsókn á fræðilegum heimildum um hvaða þættir einkum skipti máli þegar ná skuli utan um samkeppnishæfni svæða út um landið og samkeppnishæfni fyrirtækja á þeim svæðum. Sett er fram fræðilegt líkan sem tengir þessi atriði saman með það að markmiði að geta nýst sem vegvísir fyrir þá aðila sem standa í fyrirtækjarekstri og einnig þá sem eru ábyrgir fyrir samfélagslegri þjónustu á sömu svæðum. Einnig eru tekin dæmi um tvö fyrirtæki sem eru starfandi og reynsla þeirra sett í samhengi við hinar fræðilegu vangaveltur.

Runólfur Smári Steinþórsson

Starfsheiti og vinnuveitandi: Prófessor, Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands

Netfang: rsmari@hi.is

Sköpun ímyndar staða og svæða í sátt við nærsamfélagið

Útdráttur: Undanfarin ár hefur mikilvægi faglegrar mörkunar (branding) staða og svæða orðið aðkallandi verkefni fyrir lönd, borgir, bæjar- og sveitarfélög um allan heim. Helsta ástæða er sú samkeppni sem ríkir um að laða til sín ferðamenn, fjármagn, fleiri íbúa og fyrirtæki. Fræðimenn og sérfræðingar eru sammála um að mörkun staða og svæða þarfnast heildrænnar nálgunar og að ferlið snúist um að skapa og varpa fram ímynd sem er nátengd huglægum (cognitive) og tilfinningalegum (affective) þáttum viðkomandi staðar. Góð og viðeigandi ímynd staða og svæða er því mikilvæg fyrir alla hagsmunaaðila eins og til að mynda stjórnámálamanna, eigendur fyrirtækja og annarra sem vilja aðgreina sig og höfða til sinna markhópa. Vandamálið er þá að finna og koma auga á, ef hægt er, rétta og viðeigandi ímynd til að varpa fram til væntanlegra ferðamanna, íbúa og eigendur fyrirtækja. Hver eru hin eiginlegu áþreifanlegu einkenni og hvaða óáþreifanlegu þættir lýsa menningu íbúa og hvaða hugrenningatengsl liggja að baki ímyndarinnar? Tilgangur erindisins er að kynna niðurstöður tveggja rannsókna sem snerist um að finna sameiginlega þætti til að nota í sköpun á ímynd tveggja sveitarfélaga á Íslandi sem væri gerð í sátt við samfélagið og hagsmunaaðila þess. Gagnaöflun var í formi viðtala (N=46), rýnihópa (N=8) og viðhorfskönnunar (N=1174) meðal innri og ytri hagsmunaaðila hvers staðar. Þrátt fyrir að skynjuð ímynd væri óljós í byrjun rannsóknar leiddu niðurstöður í ljós að hægt var að koma auga á sameiginlega þætti til grundvallar að ímynd sem samþykkt var á víðtækan hátt af ólíkum hópum hagsmunaaðila í báðum tilfellum.

Brynjar Þór Þorsteinsson og Haraldur Daði Ragnarsson

Starfsheiti og vinnuveitandi: Lektor, Háskólinn á Bifröst

Netfang: brynjar@bifrost.is

Ögurstund staðbundinnar miðlunar?

Útdráttur: Rannsóknir hafa sýnt að staðbundnir fréttar- og upplýsingamiðlar eru mikilvægir lýðræðislegri umræðu og almennum lífsgæðum íbúa. Markaðsbrestur hefur hins vegar hrjáð flesta þessara miðla á Íslandi vegna fámennis á útbreiðslusvæðum þeirra. Á síðustu áratugum hefur mikil samþjöppum til höfuðborgarsvæðisins á viðskiptavaldi og ákvarðanatöku um auglýsingar jaðarsett þessa tegund miðla enn frekar. Eftir tilkomu samfélagsmiðla og alþjóðlegra risafyrirtækja á borð við Facebook og Google, sem geta komið skilaboðum beint til félagslegra og landfræðilegra markhópa er efnahagsleg staða þessarar tegundar miðlunar orðin afar þung. Þessi þróun er þó ekki einskorðuð við Ísland því stað- og svæðisbundin miðlun víða á Norðurlöndum hefur lent í svipuðu andstreymi sem speglast m.a. í því að bæði í Danmörku og Svíþjóð er á sér nú stað endurskoðun á styrkjakerfi fjölmiðla sem miðar að verulegu leyti að því að styðja betur við þessa tegund miðlunar. Í þessu erindi verður gerð grein fyrir rannsóknum sem gerðar hafa verið á ýmsum þáttum er varða stöðu staðbundinna fjölmiðla á Íslandi og leitast við að kortleggja stöðu þeirra í fjölmiðlakerfinu. Er m.a. byggt á innihaldsgreiningu á umfjöllun landsdekkandi miðla um málefni landsbyggða, innihaldsgreiningu á eðli efnis í héraðsfréttamiðlum og könnun á mati á stöðu og framtíðarhorfum meðal stjórnenda allra helstu héraðsfréttamiðla landsins. Niðurstöður sýna að markaðsbrestur vegna auglýsinga er verulega magnaður upp af samfélagsmiðlum; að óritstýrð samfélagsumræða samfélagsmiðla styrkist á kostnað staðreyndrar umfjöllunar; og að forsvarsmenn miðla telja það frekar hlutverk sitt að miðla afþreyingu tengda svæðinu en veita aðhald og upplýsa um samfélagsleg álitamál.

Birgir Guðmundsson

Starfsheiti og vinnuveitandi: Prófessor Háskólanum á Akureyri

Netfang: birgirg@unak.is

Málstofa 8: Byggðamál

Seigla í kjölfar náttúruhamfara

Útdráttur: Í desember 2020 féllu stórar aurskriður á byggð í Seyðisfirði og ollu tjóni á eignum og umhverfi. Í þessari rannsókn er notast við lýðfræðileg gögn, spurningalista, viðtöl við íbúa og viðtöl við viðbragðsaðila. Markmiðið er að kanna áhrif hamfarana á íbúa og samfélag auk þess að kanna hvað það er sem mótar seiglu samfélags og þá hvort og hvernig hún birtist í samfélaginu á Seyðisfirði. Helstu niðurstöður benda til samheldni samfélagsins, líðan og heilsa virðist vera í meðallagi en áfallastreita virðist ekki vera mikil. Íbúar eru tiltölulega meðvitaðir um náttúruvá á svæðinu og fá helst upplýsingar símleiðis eða beint frá yfirvöldum. Áhugavert var að þeir sem urðu fyrir eignartjóni töldu upplifðu sig að litlu leyti hafa fengið úrlausn sinna mála en viðtölin styðja við þetta. Stór hluti íbúa telur ólíklegt að þau muni flytja burt á næstu tíu árum en þó eru einhverjir sem segja það líklegt eða mjög líklegt. Íbúar voru ekki sammála þeim viðbragðsaðilum sem rætt var við um að staðið hafi verið vel að öllum viðbrögðum og eftirmálum. Þó er greinilegt að íbúar eru mjög þakklátir fyrir viðbragðsaðila og þann stuðning sem fylgdi beint í kjölfar áfallanna. Þá töldu flestir íbúar mjög mikinn stuðning í sjálfbóðaliðum og nefndu margir að samfélagið hafi komið saman og sýnt mikinn styrk og samkennd á þessum tíma. Helst er að gæta óánægju með rýmingarnar fyrir aurskriður. Löng bið eftir hættumati er áhyggjuefni íbúa en það hefur mikið að segja um framtíð bæjarins og margir upplifa óvissu varðandi það. Aðlögun hefur gengið vel en flestir íbúar sem rætt var við eru sammála um að lengri tíma þurfi til að meta hvort samfélagið nái jafnvægi á ný. Íbúar virðast flestir vera bjartsýnir fyrir framtíð Seyðisfjarðar og upplifa mikla möguleika og tækifæri í bænum. Niðurstöður benda til seiglu samfélagsins en ljóst er að mikilvægt er að meta ástandið og þætti þessarar rannsóknar aftur þegar lengra er liðið frá atburðunum.

Þóra Gréta Pálmarsdóttir MA

Starfsheiti og vinnuveitandi: verkefnastjóri Austurbrú

Netfang: thoragreta@austurbru.is

Eru aðgerðir í byggðapróun "wicked problems"?

Útdráttur: Stjórnvöld um allan heim hafa undanfarna áratugi sett fram byggðaaætlanir þar sem áherslan hefur verið á að draga úr mismunun á milli svæða og auka hagvöxt. Í því skyni hafa margar áætlanir litið dagsins ljós og tekið mið af því hvaða aðferðum ráðamenn telja að best sé að beita til að árangur náist. Þrátt fyrir aukna áherslu á sjálfbæra þróun síðastliðna tvo áratugi þar sem efnahagsleg, umhverfisleg, samfélagsleg og menningarleg sjálfbærni er í forgrunni er megináherslan í öllum byggðaaætlunum fyrst og fremst að auka efnahagslegan vöxt. Megin markmið þessa verkefnis er að skoða hvernig hnattræn áhrif hafa á svæðisbundna byggðapróun með því að greina og meta byggðaaætlanir frá 2000 í sögulegu samhengi. Í fyrirlestrinum verða alþjóðlegar áherslur í byggðapróun kynntar og þær síðan settar í samhengi við innlendar og svæðisbundnar áherslur þar sem Vestfirðir eru rannsóknarsvæðið. Almennt er reynslan sú að þær aðgerðir sem valdar eru til úrlausnar eru taldar munu leysa þau vandamál sem til staðar eru í eitt skipti fyrir öll en niðurstaðan er sú að það raungerist ekki. Þess vegna er því velt upp hvort að líta eigi á úrlausnir í byggðapróun sem óleysanleg vandamál (wicked problems) sem sífellt er í endurskoðun og nálgast byggðapróun út frá því hugtaki.

Dr. Anna Guðrún Edvardsdóttir og Dr. Rannveig Ólafsdóttir

Starfsheiti og vinnuveitandi:

Anna Guðrún er rannsóknastjóri við Háskólann á Hólum og

Rannveig er prófessor við Háskóla Íslands

Netfang: arun@holar.is

„Það er alveg nóg að fá þúsund nýja íbúa á Selfoss í ár“ Vaxtarskilyrði smáborgarinnar á Suðurlandi

Útdráttur: Á undanförnum árum og áratugum hefur víða á Vesturlöndum dregið mjög úr vexti stærri borga en fólksfjölgun aukist á áhrifasvæðum þeirra og í smáborgum með 10–50 þúsund íbúa. Hér á landi var mikill vöxtur Reykjavíkurborgar og síðar höfuðborgarsvæðisins eitt megineinkenni byggðaþróunar fram til loka 20. aldarinnar þótt flest stærri byggðalög landsins hafi einnig farið hægt vaxandi. Frá síðustu aldamótum hefur „Suðvestursvæðið“ eða „Hvítársvæðið“ í u.þ.b. 45 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík hins vegar vaxið hraðar en hið samfellda Reykjavíkurborgarsvæði. Frá síðustu aldamótum hefur íbúafjölgun verið 38% á Reykjavíkursvæðinu, 60% á Suðvestursvæðinu en 4% í öðrum landshlutum. Um tveir af hverjum þremur íbúum Suðvestursvæðisins búa í þremur byggðakjörnum sem hafa ýmis einkenni útborga; Keflavík/Njarðvík (20 þúsund íbúar), Selfoss (9 þúsund íbúar) og Akranes (8 þúsund íbúar). Ýmsir sérfræðingar og álitsgjafar hafa talið lægra fasteignaverð og vinnusókn til Reykjavíkursvæðisins helstu ástæður mikillar fólksfjölgunar á Suðvestursvæðinu en hingað til hefur það ekki verið rannsakað sérstaklega. Í þessu erindi munum við beina sjónum að vexti Selfoss en þar hefur íbúum fjölgað um 12% á síðustu tveimur árum samanborið við 4% á öðrum stærri þéttbýlisstöðum suðvestursvæðisins. Byggt verður á opinberum gögnum um fólksflutninga og íbúaþróun og niðurstöðum kannana um ástæður flutninga, vinnusókn og framtíðaráform fyrrverandi, núverandi og væntanlegra íbúa Selfoss.

Dr. Þóroddur Bjarnason og dr. Stefán Hrafn Jónsson

Starfsheiti og vinnuveitandi:

Þóroddur: Prófessor við HÍ og rannsóknaprófessor við HA - thoroddur@hi.is

Stefán: Prófessor og sviðsforseti við Háskóla Íslands - shj@hi.is

Loftbrú - notkun og reynsla

Útdráttur: Loftbrúin er samgönguúrræði sem var sett upp í september 2020. Loftbrú veitir 40% af heildarflugfargjaldi allra áætlunarleiða innanlands til og frá höfuðborgarsvæðinu og er tengiflug þar talið sem hluti af flugleggnum þar sem nota þarf slíkt. Um er að ræða 6 flugleggi á ári og geta um 95 póstnúmer nýtt sér Loftbrú. Austurbrú fékk styrk til að kanna viðhorf og reynslu íbúa póstnúmer á tengdum Loftbrú um notagildi og hlutverk úrræðisins út frá reynslu notendahópsins s.s. samsetningu hans, tilgang og fjölda ferða, kosti og annmarka sem og jöfnun aðgengis að þjónustu. Einnig upplifun notenda; upplýsingagjöf og bókanir. Að auki skoða ferðir í stærra samgöngusamhengi varðandi ferðir til og frá flugvöllum; hvort ferðast er á einkabílum, sambíla eða almenningsamgöngum. Til þess að kanna reynslu og notkun hópsins á úrræðinu verður send út könnun í þeim póstnúmerum sem geta nýtt sér Loftbrú. Sú könnun verður send út í byrjun mars og því ættu niðurstöður og helstu greiningar að vera tilbúnar í maí. Einnig mun Vegagerðin veita aðgang að gögnum sem nýtast í úrvinnslu.

Erna Rakei Baldvinsdóttir, MPH

Starfsheiti og vinnuveitandi: Verkefnastjóri, Austurbrú ses

Netfang: ernarakei@austurbru.is

Samþjöppun Norðurlands með jarðgöngum milli Húnaþings, Skagafjarðar og Eyjafjarðar, er það gerlegt og raunhæft og hver verða áhrifin?

Útdráttur: Í erindinu verður fjallað um þann möguleika að samtvinna samfélög í Húnaþingi, Skagafirði og Eyjafirði í mun ríkari mæli en nú er með samgöngubótum sem felast í jarðgangagerð. Sýndir verða möguleikar á jarðgöngum undir Þverárfjall sem myndu endanlega gera Blönduós, Skagaströnd og Sauðárkrók að einu atvinnusvæði. Jafnframt verður fjallað um þrjá möguleika á jarðgöngum undir Tröllaskaga til að tengja Skagafjörð og Eyjafjörð mun betur saman, jafnvel svo að einhver dagleg atvinnusókn verði möguleg. Þjónustusókn myndi í öllu falli geta aukist mikið milli héraðanna allra þar sem Norðurlandi væri „þjappað saman“. Mismunandi útfærslur hafa mis mikil áhrif en sumar útfærslur stytta leiðina einnig verulega milli Akureyrar og Reykjavíkur. Með jarðgöngum milli Húnaþings og Skagafjarðar og Skagafjarðar og Eyjafjarðar verður allt Norðurland samtengt á láglandi frá Hrútafirði upp í Mývatnssveit og austur á Þórshöfn. Jarðgangagerðin sem liggur að baki þessum hugmyndum er á stærri skala en áður hefur sést á Norðurlandi og í erindinu verður fjallað um kostnað og möguleika á að fjármagna hluta framkvæmdanna með veggjaldi.

Jón Þorvaldur Heiðarsson

Starfsheiti og vinnuveitandi: Lektor við viðskiptadeild HA

Netfang: jthh@unak.is

Málstofa 9: Traust

Hvers konar traust leiðir til stuðnings við mismunandi aðgerðir í loftslagsmálum?

Útdráttur: Flestar fyrri rannsóknir á viðhorfum til umhverfisstefna hafa aðeins litið til mjög einsleitra stefna í umhverfismálum. En fullnægjandi viðbrögð við áskorunum loftslagsbreytinga og annarra alvarlegra umhverfisvandamála munu óhjákvæmilega fela í sér margs konar stefnumótun, en lögfesting þeirra mun tengjast óskum almennings um hvaða stefnur þau styðja. Rannsókn mín fjallar um viðhorf til þriggja ólíkra stefna í umhverfismálum: skattlagning á jarðefnaeldsneyti, ríkisstyrki til endurnýjanlegrar orku og stuðningur við réttláta umskipti til launafólks. Svo best sem ég veit hefur engin fyrri rannsókn kannað viðhorf til stuðnings við réttlát umskipti, en réttlát umskipti vísa til aðstoðar til launafólks sem missa vinnuna vegna nýrrar umhverfisstefna. Með því að nota ný gögn frá Íslandi, sem var hluti af International Social Survey Program (ISSP), skoða ég hvort stuðningur við stefnumótun á mismunandi umhverfisstefnum sé meiri meðal einstaklinga með meira pólitískt og/eða stofnanatraust. Niðurstöðurnar sýna að einstaklingar með meira af hvorri tegund trausts (pólitískt traust og/eða stofnanatraust) eru líklegri til að styðja skattlagningu á jarðefnaeldsneyti, en stuðningur við hinar tvær stefnurnar tengist aðeins stofnanatrausti. Þessar niðurstöður benda til þess að traust á loftslagsaðgerðum endurspegli almennt heildarviðhorf fólks til samfélagslegrar starfsemi, á meðan viðhorf til skatta til jarðefnaeldsneytis ráðast þrengra af skoðunum ríkisins.

Sóllilja Bjarnadóttir

Starfsheiti og vinnuveitandi: Doktorsnemi við Háskóla Íslands

Netfang: sob35@hi.is

Lessons from two island nations: Re-reading the yet unfinished Icelandic Deliberative Constitutional Process in light of the success of the Irish Constitutional Assembly

In wake of the international financial crisis of 2008 both Iceland and Ireland – two island nations in northern Europe, severely strained by the calamity – embarked on novel voyages of re-examining their constitutional foundation via direct citizen participation in deliberative forums. The two highly innovative processes share many characteristics, but there were also significant differences between the two. The Icelandic deliberative constitutional process was initiated earlier than the Irish, and it was far more ambitious. The Icelandic draft constitution has not yet been implemented. Thus, it must be considered as a failed attempt at constitutional change by deliberative means – at least until now. The Irish Constitutional Convention – and later subsequent Constitutional Assemblies – set up with more modest tasks, has on the other hand proved to be far more successful. It has already led to significant changes to the constitution of the republic of Ireland. In designing the Irish Constitutional Convention, its constructors were able to draw lessons from the Icelandic constitutional process, as well as from several other exercises. In this paper I attempt to turn the heuristic course in the opposite direction. The aim of this chapter is to re-examine the Icelandic deliberative constitutional process by considering the success of the Irish Constitutional Convention. Can Iceland now in return learn from the Irish case? In the chapter I will map the similarities of the two processes, and, more significantly, identify the main differences between the two. Most obviously, the Icelandic assembly was nationally elected while citizens participation in Ireland was based on stratified random selection. Another significant difference revolved around the involvement of parliament. In Ireland, parliamentarians participated in the forum, while they were firmly kept at bay in the workings of the Icelandic assembly. The main purpose of the paper is to draw lessons from the Irish constitutional process for the benefit of possible future continuation of the still unfinished constitutional process that was started in Iceland in 2009, and which stranded leading up to the parliamentary election in spring 2013.

Dr. Eiríkur Bergmann

Starfsheiti og vinnuveitandi: Prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst

Netfang: eirikur@bifrost.is

China's Way towards Decarbonization: Unrealistic Promise or a Credible Commitment?

Útdráttur: In my research, I argue that in low- and middle-income countries, market forces alone are structurally inadequate to spark the rapid development of renewable energy resources and initiate the technological replacement of obsolete technologies with cleaner technologies. This is due to externalities and to the lack of advanced technological capabilities that prevent domestic firms from engaging in low-carbon industries and green innovation R&D activities. Using the carbon neutralization strategy pursued by the Chinese government over the past decade as a reference point, this article argues that active State involvement in the energy sector can, on the one hand, play a key role in limiting fossil fuel consumption and, on the other, accelerate the development of renewable energy technologies. Analysis of the structural features underlying the progressive decoupling of carbon emissions and use of energy resources suggests that China has laid the preconditions for reconciling policy objectives of promoting energy transformation and ensuring long-term economic development.

Dr. Francesco Macheda

Starfsheiti og vinnuveitandi: Associate Professor* (Bifrost University) *The title is assigned in full accordance with the criteria established by the Evaluation System for Public Universities in Iceland and the Regulation on the promotion and permanent appointment of academic staff at the University of Iceland, no. 263/2010, with subsequent amendments.

Netfang: f.macheda@bifrost.is

Hvers vegna hlýddi fólk sóttvarnaraðgerðum? Daglegt samhengi og einstaklingsbundnir þættir

Útdráttur: Collective action theory emphasizes that individuals make decisions about participation in collective action not only based on long-standing values and beliefs, but also by subjectively evaluating the “here-and-now” situation. Yet research rarely relates such evaluations with collective action participation because it is rarely conducted at the moment of participation. We address this limitation with day-to-day, population representative surveys of voluntary compliance to Pandemic restrictions during the first three waves of the COVID-19 pandemic in Iceland (in April through December 2020). Most respondents were surveyed repeatedly, allowing us to separate within- and between-individual effects on participation. Moreover, we use aggregate data to address the effects of day-to-day changes in the spread of the Pandemic as well as in official mandatory restrictions. The individual-level findings support two major propositions. First, perceiving participation among significant others seems to create a “social motive” to participate. Second, experiencing “collective efficacy”, that is, expecting the action to produce a collective benefit, motivates participation. Yet, perceiving a high level of participation among non-significant others appears to create “free-riders”. Thus, net of within-individual effects, those who perceive widespread participation among non-significant others participated less. The aggregate data indicates that, regardless of daily infection rates, voluntary participation was most pronounced during the days when the authorities issued the most restrictive mandates, illustrating how shared moments of threat and cohesion can bolster the state’s ability to compel its citizens to voluntarily participate in costly collective action.

Jón Gunnar Bernburg

Starfsheiti og vinnuveitandi: Prófessor, Háskóli Íslands

Netfang: bernburg@hi.is

Málstofa 10: Kynleg sjónarhorn

„Fötin skapa manninn eða viltu vera púkó?“ Textíll og hringrásarhagkerfi sem jafnréttismál

Útdráttur: Umhverfismál er eitt brýnasta viðfangsefni samtímans og þar er hugtakið hringrásarhagkerfi miðlægt. Með því er átt við að verðmætum er viðhaldið með hringrás eins lengi og hægt er þannig að auðlindir verði ekki að úrgangi. Markmið hringrásarhagkersisins er að lágmarka auðlindanotkun og þar með úrgangsmýndun. Textíll skiptir verulegu máli í þessu samhengi því textíll er fjórði stærsti álagsþáttur umhverfismála vegna einkaneyslu, á eftir húsnæði, samgöngum og matvælum. Síðan árið 2000 hefur framleiðsla á fötum nær tvöfaldast á sama tíma og þau enda sífelld hraðar í ruslinu. Á heimsvísu er hver flík notuð u.þ.b. 150 sinnum að meðaltal. Hraðtískan er þar einn sterkasti áhrifavaldurinn en henni fylgja hraðar tískubreytingar, aukið framboð og oft lægra verð fyrir neytandann en afar neikvæð umhverfisáhrif. Með dæmi af textíl, textílvinnslu og textílnotkun verður sýnt fram á hvernig sjálfbærni og hringrásarhagkerfi eru jafnréttismál sem skoða þarf með hliðsjón af kynjuðum valdatengslum. Kynningin er hluti af H2020 verkefninu CENTRINNO sem Háskóli Íslands tekur þátt í ásamt Textílmíðstöð Íslands.

Þorgerður J. Einarsdóttir og Laufey Axelsdóttir

Starfsheiti og vinnuveitandi: Háskóli Íslands.

Þorgerður J. Einarsdóttir prófessor og Laufey Axelsdóttir nýdóktor

Netfang: the@hi.is

„Frá einkasviðinu til hins opinbera.“ Athafnakonur í textílvinnslu á síðari hluta 20. aldar

Útdráttur: Textíll og handverk hafa löngum verið kvennastörf og vinna kvenna og framlag á því sviði verið með margvíslegum hætti. Þar hefur aðgreiningin í einkasvið og opinbert svið verið óljós og jafnvel ekki alltaf átt við. Í gegnum söguna hafa konur séð heimilisfólki sínu fyrir fatnaði með þrjóni og saumaskap, þær hafa stundað þrjónaskap fyrir verslanir, og unnið við textíl í verksmiðjuvinnu. En konur hafa ekki síður stundað sjálfstæðan atvinnurekstur á þessu sviði. Í erindinu verður gerð grein fyrir tveimur athafnakonum á svið textíls á Íslandi. Önnur er Guðrún Vigfúsdóttir (1921-2015) sem rak vefstofu á Ísafirði og hin er Þórdís Bergsdóttir (1929-2021) sem rak Ullarvinnslu frú Láru á Seyðisfirði. Til að varpa ljósi á framlag þessara kvenna til textíliðnaðarins beitum við fræðilegum sjónarmiðum sem gagnrýna karllæg viðmið um frumkvöðlastarfsemi sem jaðarsetja athafnasemi kvenna og framlag þeirra til atvinnusköpunar (Aston & Bishop, 2020; Craig, 2015). Niðurstöður rannsóknarinnar byggja bæði á fyrirliggjandi gögnum eins og fjölmiðlaumfjöllunum, skýrslum og bókum og viðtali við Þórdísi. Rannsóknin sýnir meðal annars að athafnasemi þeirra skapaði aukin atvinnutækifæri handa konum úti í hinu opinbera rými sem er mikilvægur þáttur í því að viðurkenna framlag kvenna og efla textíliðnaðinn á Íslandi. Verkefnið er hluti af H2020 CENTRINNO sem Háskóli Íslands tekur þátt í ásamt Textílmíðstöð Íslands.

Laufey Axelsdóttir og Þorgerður J. Einarsdóttir

Starfsheiti og vinnuveitandi: Nýdoktor við Háskóla Íslands.

Laufey Axelsdóttir, nýdoktor í kynjafræði og Þorgerður J. Einarsdóttir, prófessor í kynjafræði

Netfang: laa@hi.is

Femínískir aktívistar í akademíu taka þátt í leiknum og leitast við að breyta leikreglunum

Útdráttur: Fyrsta kynslóð femínískra aktívista í íslensku háskólasamfélagi er núna að nálgast endalok eða seinni helming síðari hálfleik síns starfsferils. Við spyrjum hvernig líta þær til baka á starfsferil sinn og það hlutverk sem þær hafa í íslensku háskólasamfélagi? Hvernig upplifa þær áhrif nýfrjálshyggju? Hvaða hindrunum hafa þær mætt og hvernig hafa þær tekist á við þær? Finnst þeim baráttan hafa skilað árangri? Gögnin eru fengin með eigindlegum viðtölum og markvissu úrtaki. Tekin voru viðtöl við 12 konur sem allar eiga það sameiginlegt að stunda rannsóknir og kennslu í femínískum og öðrum gagnrýnum fræðigreinum. Helstu niðurstöður eru þær að konurnar spila samtímis vörn og sókn. Þær taka þátt í akademíska leiknum og á sama tíma leitast þær við að breyta leikreglunum og sníða þær að sínum femínísku áherslum. Þær standa vörð um sínar fræðigreinar bæði gagnvart samstarfsfólki sem og hagsmunahópum. Þær rækta tengsl við nemendur og upplifa að þeirra fræðilegu áherslur hafi með þeim hætti, sem og í gegnum kennslu, haft áhrif á samfélagið.

Thamar Melanie Heijstra og Gyða Margrét Pétursdóttir

Starfsheiti og vinnuveitandi: Prófessorar á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands

Netfang: thamar@hi.is

„ÁFRAM Í GEGNUM ÞENNAN BRIMSKAFL“: GREINING Á TILKYNNINGUM REKTORS HÁSKÓLA ÍSLANDS Á TÍMUM COVID 19

Útdráttur: Mikilvægt er að standa vörð um jafnrétti kynjanna á tímum Covid 19 þar sem hætta er á bakslagi, bæði vegna þess að staða undirskipaðra hópa versnar enn frekar og á óvissutímum er hætta á að jafnréttisáherslur mæti afgangi. Í greininni eru tilkynningar rektors Háskóla Íslands til nemenda og starfsfólks í kórónuveirufaraldrinum greindar út frá kynjajafnréttissjónarmiðum. Gögn rannsóknar samanstanda af 96 tilkynningum sem sendar voru á tímabilinu febrúar 2020 til maí 2021. Gögnin, um 34.000 orð, voru orðræðugreind. Helstu niðurstöður eru þær að áhersla er lögð á kennslu og stuðning við nemendur, vinna sem konur sinna í meira mæli en karlar. Á sama tíma er áhersla á að halda uppteknum hætti varðandi rannsóknavirkni þrátt fyrir breyttar aðstæður, áhersla sem karlar virðast frekar geta tileinkað sér. Með þessum hætti er stöðu Háskóla Íslands sem háskóla í fremstu röð viðhaldið á kostnað fjölskyldustefnu og kynjajafnréttis.

Gyða Margrét Pétursdóttir og Thamar Melanie Heijstra

Starfsheiti og vinnuveitandi: Prófessorar á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands

Netfang: gydap@hi.is

Valið barnleysi kvenna og viðhorf til móðurhlutverksins

Útdráttur: Fæðingartíðni hefur lengi verið há á Íslandi í samanburði við önnur Evrópulönd. Síðasta áratug hefur fæðingartíðni þó farið ört lækkandi og aldur móður við fæðingu fyrsta barns farið hækkandi. Rannsóknir í Evrópu benda til þess að hlutfall barnlausra kvenna hafi aukist en sambærilegar tölur frá Íslandi benda til þess að hlutfallið sé nokkuð stöðugt og að á milli 11 og 13% íslenskra kvenna eignist ekki börn. Valið barnleysi er áhugaverð breyta þegar kemur að því að skoða fæðingartíðni og breytt viðhorf til barneigna. Færa má rök fyrir því að það sé sérstaklega áhugavert í hinu íslenska samhengi þar sem lögð er áhersla á jafnrétti kynjanna, fjölskyldur eru fjölbreyttar og fjölskyldustefna styður við atvinnuþátttöku beggja foreldra og jafna fjölskylduábyrgð. Í þessari viðtalsrannsókn er leitast við að greina viðhorf og upplifanir íslenskra kvenna sem hafa valið barnleysi. Tekin voru 16 hálf-stöðluð viðtöl við konur á aldrinum 25-45 sem eru búsettar á Íslandi og hafa valið að eignast ekki börn. Niðurstöður benda til þess að sumar konur upplifi þær samfélagslegu kröfur sem gerðar eru til móðurhlutverksins sem fráhrindandi. Greining viðtala varpar ljósi á það hvernig hugmyndafræði ákafrar mæðrunar hefur breytt viðhorfum okkar til móðurhlutverksins og þannig haft áhrif á áhuga og getu sumra kvenna til þess að sinna hlutverkinu.

Sunna Símonardóttir, Phd

Starfsheiti og vinnuveitandi: Nýdoktor og aðjúnkt í félagsfræði við Háskóla Íslands.

Netfang: sunnaks@hi.is

Ástarsambönd í síð nútíma: Samningur um trúnað og kynlíf?

Samkvæmt lífsgildakönnuninni á hugmyndum Íslendinga og annarra þjóða á því hvað skiptir mestu máli í hjónabandi/sambandi kemur fram að Íslendingar tróna á toppnum er varðar áherslu á trúnað í samböndum/hjónaböndum (Sigrún Ólafsdóttir & Berglind Rós Magnúsdóttir, 2021). Samkvæmt niðurstöðum virðast Íslendingar vera komnir lengra en flestar aðrar þjóðir frá eldri hugmyndum um hjónabönd sem hagkvæmnisstofnun þar sem áherslan er á efnahagslegan ávinning og barneignir sem mikilvæga stoð sambandins. Í framhaldi af þessum niðurstöðum er traust, framhjáhöld og skuldbinding sérstaklega rýnd í viðtölum við miðaldra Íslendinga (N:30) sem eiga það sameiginlegt að eiga amk eitt langtímasamband að baki (<7ár) og hafa verið virk í tilhugalífi á síðustu árum. Ástarvettvangurinn hefur breyst og tilhugalíf miðaldra markast nú í meira mæli af aukinni einstaklingsvæðingu og ákveðinni neysluhyggju (Berglind Rós Magnúsdóttir, 2021), m.a. með því að safna sér alls kyns ánægjulegri lífsreynslu með tiltekinni neyslu og samskiptum. Tilfinningalegar skuldbindingar af ýmsu tagi geta truflað þessa auðsöfnun og jafnvel þótt fólk hafi gert óformlega samninga um nándartengslið hefur ákveðin leysing á siðferðisviðmiðum og samskiptareglum á vettvangi tilhugalífsins falið í sér endurtekin brot á trausti og hafa skapað aðstæður fyrir því sem Eva Illouz kallar frádræg eða neikvætt hlaðin tengsl. Fólk fer ósjálfrátt að afbyggja mögulega tilvist sambands í huga sér hversu gott sem sambandið er því það má alltaf rifta samningi af engri sérstakri ástæðu. Rannsóknarspurningin felst í því að greina reynslu fólks af skuldbindingum, trúnaði og framhjáhöldum og hvers konar sambandssamninga miðaldra fráskiði fólk gerir eða hefur áhuga á að gera í framhaldinu og hvernig það markast af núverandi leikreglum og fyrri reynslu. Hvernig eru siðferðis- og tilfinningalegar skuldbindingar meðhöndlaðar þegar tengslið snúast ekki um barneignir og sambúð heldur fyrst og fremst um tilfinningar til hvors annars? Inn í þetta fléttast breyttar hugmyndir um ást og ástarsambönd í gegnum þá reynslu sem miðaldra einstaklingar hafa viðað að sér. Erindið gefur því bæði sögulega og samtímalega innsýn og varpar ljósi á ástæður þess að við sem þjóð leggjum svona mikla áherslu á trúnað. Berglind Rós Magnúsdóttir. (2021). „ég hef alltaf minni og minni áhuga á þessu hefðbundna sambandi“: Tilhugalíf fráskilinna framakvenna. Ritið: sérrit um ástarrannsóknir, 21(2), 35-62. <https://ritid.hi.is/index.php/ritid/article/view/141> Illouz, E. (2019). The end of love: A sociology of negative relations. Oxford University Press. Sigrún Ólafsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2021, 29. október). Hvað þurfum við til að elska? Viðhorf Íslendinga til þess hvað er mikilvægt í góðu hjónabandi í alþjóðlegum samanburði. Þjóðarspejillinn, Háskóli Íslands. Sjá <https://hi.cloud.panopto.eu/Panopto/Pages/Viewer.aspx?id=a1a818e9-add5-455e-a6f5-adc000ad12b5>

Dr. Berglind Rós Magnúsdóttir

Starfsheiti og vinnuveitandi: Prófessor HÍ

Netfang: brm@hi.is

Félagslegt vald slúðurs í litlum samfélögum

Útdráttur: Félagslegt taumhald verður oft áberandi í litlum samfélögum þar sem nálægð er mikil og upplýsingar um náungann fljótar að berast á milli. Erindið byggir á doktorsrannsókninni Samfélagsleg áhrif á ungar konur í sjávarbyggðum en þar er meðal annars unnið með viðtöl við ungar konur um slúður og áhrif þess á búsetu þeirra í litlum þorpum. Fjallað er um valdið sem felst í slúðri, félagslegt taumhald og áhrif þess á líf kvenna í litlum byggðarlögum, meðal annars með drusluskömmun. Rannsóknin byggir meðal annars á spurningakönnun sem fór í 56 þorp árið 2019 og viðtölum sem voru tekin við ungar konur í þorpum víðsvegar um landið árin 2019-2021. Niðurstöður sýna að slúður hefur marktæk áhrif á áætlanir um búferlaflutninga og á búsetuánægju, þar sem þeir sem upplifa mikið slúður eru marktækt líklegri til að ætla sér að flytja í burtu frá litlum samfélögum. Þá hefur slúður einnig stjórnandi áhrif á konur, hegðun þeirra, líf og ánægju með búsetu í litlum samfélögum.

Gréta Bergrún Jóhannesdóttir

Starfsheiti og vinnuveitandi: Kynjafræðingur og doktorsnemi, Háskólinn á Akureyri

Netfang: greta@unak.is

Málstofa 11: Skólamál

Fjölmeningin og fjöllin

Útdráttur: Fjölmeningarsamfélagið á Íslandi er staðreynd. Árið 1995 var 1,8% þjóðarinnar af erlendum uppruna en í byrjun árs 2019 var sá hópur orðinn 14,1%. Þessi þróun endurspeglast í skólakerfinu en árið 2017 voru 10,7% allra grunnskólabarna með annað móðurmál en íslensku (Hagstofa Íslands, 2021). Í stefnu stjórnvalda er nú kallað eftir aukinni áherslu á íslenskukennslu fyrir börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Á sama tíma vakna spurningar um hvernig við endurhugsum þær aðferðir sem ekki hafa skilað árangri til þessa. Tungumálatöfrar er vikulangt sumarnámskeið sem boðið hefur verið upp á frá árinu 2017 á Ísafirði fyrir 5 - 14 ára gömul fjöltyngd börn. Lögð er áhersla á nýsköpun í kennsluháttum til þess að mæta fjölbreyttum hópi nemenda. Markmiðið með þessum fyrirlestri er að rýna í kennsluaðferðir Tungumálatöfra og spyrja hvort og hvernig þær gætu nýst í víðara samhengi og stuðlað að nýstárlegri kennsluháttum? Kennarar námskeiðsins eru listamenn og hafa sérhæft sig í skapandi miðlun. Lögð er áhersla á mikilvægi tjáningar, skilnings og sjálfsöryggis barnanna. Orðaforðinn sem notaður er á námskeiðinu er sóttur í nærumhverfið og náttúruna. Samhliða námskeiðunum hafa verið haldin málþing undanfarin þrjú ár þar sem rætt hefur verið um framboð kennsluefnis og menningar- og lýðræðislæsi. Niðurstaðan hefur verið að brýnt sé að að efla rödd þeirra sem eru af erlendum bergi brotnir en kjósa að búa á Íslandi. Ávöxtur þess samtals er meðal annars tilraunaverkefni sem mun fara fram í samstarfi við Þjónustumiðstöðina í Breiðholti sumarið 2022 og er þannig fyrsta skrefið í að þróa þessa aðferð áfram í víðara samhengi. Ef Ísland á að vera landið okkar allra sem fjöllin geta vakað yfir óháð trú, litarhætti, bakgrunni og uppruna þurfa breytingar að eiga sér stað. Kennsluaðferðir Tungumálatöfra ýta mögulega undir breytingar og árangur, til góðs fyrir fjölmeningarsamfélagið Ísland.

Anna Hildur Hildibrandsdóttir

Starfsheiti og vinnuveitandi: Fagstjóri skapandi greina við Háskólann á Bifröst, kvikmyndagerðarkona og stofnandi Tungumálatöfra

Netfang: annah@bifrost.is

Hvernig breyttist siðurinn að senda börn í tímans rás?

Útdráttur: Siðurinn að senda börn í sveit yfir sumartímamann óx fram á Íslandi samhliða upplausn vistarbandanna á seinni hluta 19. aldar og við upphaf 20. aldar. Lögð var áhersla á að í sveitinni kynntust börnin vöggu íslenskrar menningar, hefðbundnu og regluföstu sveitalífi, skepnunum og náttúrunni. Þau myndu anda að sér heilnæmu fjallaloftinu og fengju næringarríka fæðu. Auk þess myndu börnin læra að vinna og þar með fengist vonandi lausn á sívaxandi skorti á vinnuafli til sveita. Erindin byggir á viðtölum við einstaklinga sem fóru í sveit allt frá millistríðsárunum til upphafs 21. aldarinnar, spurningalistakönnun og viðeigandi rituðum heimildum. Markmiðið er að skoða hvernig siðurinn hefur breyst frá upphafi hans til 21. aldarinnar. Athyglinni verður beint að orðræðunni um siðinn, umfangi og fyrirkomulagi sveitadvalanna, ástæðum þess að einstaka börn fóru í sveit og ákvarðanatökunni um sveita dvölinu. Eins verður fjallað um hjá hverjum börnin dvöldu, ferð barnanna í sveitina, hvað þau gerðu þar, aðstæðum á sveitabæjunum, hvernig þeim líkaði vistin og samskiptum þeirra við eigin fjölskyldu meðan á dvölinni stóð. Þrátt fyrir gífurlegar samfélagsbreytingar á tímabilinu héldust vissir þættir tiltölulega óbreyttir alla 20. öldina en það varð mikil breyting á öðrum.

Jónína Einarsdóttir

Starfsheiti og vinnuveitandi: Prófessor í mannfræði, Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild, Háskóli Íslands

Netfang: je@hi.is

Alþjóðlegur bakgrunnur, skólasókn og brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum 2001-2021

Hér verður sjónum beint að framhaldsskólasókn, þar sem kannaðar eru líkur á því að nemendur hefji nám að loknum grunnskóla og er þeim svo fylgt til 22 ára aldurs. Könnuð er framhaldsskólasókn eftir uppruna nemenda, þ.e. hvort þeir hafa innlendan eða alþjóðlegan bakgrunn og bornir er saman fjórir árgangar sem luku grunnskóla hér á landi við upphaf 21. aldar (1985-88) og svo aðrir fjórir tíu árum síðar (1995-98). Svipmót íslensks samfélags hefur tekið miklum breytingum á þessum tíma og er nú mun alþjóðlegra en það var við upphaf aldarinnar. Innflytjendum og ungmennum með alþjóðlegan bakgrunn hefur þannig fjölgað í íslenskum skólum og er verulegur munur milli hópanna sem hér eru til skoðunar. Þegar litið er til til alls hópsins hefur dregið nokkuð úr brotthvarfi frá námi milli eldri og yngri fæðingarárganganna. Fleiri ungmenni í yngri fæðingaárgöngunum en þeim eldri hefja þannig nám í framhaldsskóla og fleiri ljúka því fyrir 22 ára aldur. Þetta er sér í lagi áberandi meðal íslenskra nemenda en einnig meðal ungmenna með alþjóðlegan bakgrunn sem fædd eru hér á landi. Líkur á því að þau sem fædd eru erlendis hefji nám í framhaldsskóla aukast á milli fæðingarárganganna en áfram er hlutfall þeirra sem ekki ljúka námi fyrir 22 ára aldur hátt. Í báðum hópunum hafa þannig meira en helmingur karla í hópi innflytjenda horfið frá námi fyrir 22 ára aldur. Brotthvarf karla frá námi er áberandi meira en meðal kvenna hvort sem litið er til fólks með innlendan eða alþjóðlegan bakgrunn.

Ólöf Garðarsdóttir, Eyrún María Rúnarsdóttir og Guðjón Hauksson

Ólöf Garðarsdóttir, prófessor við Hugvísindasvið Háskóla Íslands

Eyrún María Rúnarsdóttir, lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Guðjón Hauksson, sérfræðingur við Hagstofu Íslands

olofgard@hi.is

Skólastarf í landshlutum samkvæmt PISA 2018

Útdráttur: Almennt er niðurstaða þrjárings Efnahags og framfarastofnunarinnar (OECD) sem kannar lesskilning, stærðfræðilæsi og vísindalæsi 15 ára grunnskólanemenda (PISA) sú að nemendur á höfuðborgarsvæðinu standa sig betur en nemendur á landsbyggðunum. Sé litið til mismunandi þjóðfélagsstöðu eftir búsetu hefur munurinn yfirleitt verið lítill eða enginn. Ólík þjóðfélagsstaða skýrði þó ekki þann mun sem fram kom í PISA 2018. Hér verður leitað skýringa með því að greina muninn samkvæmt mælikvörðum PISA á skólastarfi sem snúa að bakgrunni nemenda, námsumhverfi, tengslum, trausti og væntingum í skólastarfi, foreldrapáttöku og viðleitni nemenda á PISA prófunum. Kemur fram munur á landshlutum þegar sambærilegir nemendahópar eru bornir saman? Athyglinni verður beint að samanburði Vestfjarða við landsmeðaltal og aðra landshluta.

Þorlákur Axel Jónsson

Starfsheiti og vinnuveitandi: Aðjúnt, Háskólanum á Akureyri

Netfang: thorlakur@unak.is

Háskóli er hugmynd - breyttur heimur og tækifæri til sóknar með stafrænni menntun

Útdráttur: Háskólinn á Akureyri hefur á síðustu 20 árum þróað námsframboð sitt úr hefðbundnu háskólanámi yfir í stafrænt námsframboð. Þessi þróun hefur veitt Íslendingum öllum aukið aðgengi að háskólanámi og þannig stuðlað að fjölbreyttara samfélagi á Íslandi öllu. Faraldurinn og Kóvíð sem honum fylgdi hefur að sama skapi opnað augu háskóla um allan heim fyrir möguleikum stafrænnar miðlunar náms sem aftur leiðir til þess að aðgengi að háskólanámi í heiminum öllum hefur aldrei verið betra. Hvað þýðir þetta fyrir íslenskt samfélag í heild sinni og íslenskt háskólasamfélag sérstaklega? Er hægt að nýta þessa þróun til að færa okkur nær heiminum öllum? Hvaða tækifæri skapast í störfum og hver eru áhrifin á val til búsetu? Í þessu erindi verða settar fram helstu áskoranir íslenskra háskóla í nýja raunveruleika sem við okkur blasir hinu megin Kóvsins ásamt hugmyndum um það hvernig unnt er að bregðast við þannig að Ísland í heild sinni standi sterkar eftir.

Eyjólfur Guðmundsson, dr.

Starfsheiti og vinnuveitandi: rektor, Háskólinn á Akureyri

Netfang: eyjolfur@unak.is

Heilsuvernd í heimsfaraldri: Áhrif COVID-19 á störf skólahjúkrunarfræðinga

Útdráttur: Skólahjúkrunarfræðingar sinna ýmsum mikilvægum verkefnum í kringum nemendur á sviði skimunar líkamlegrar og andlegrar heilsu, fræðslu, barnavernd, og stuðning við starfsfólk. COVID-19 heimsfaraldurinn hefur borið með sér fordæmislausu tíma og haft ýmis áhrif á innviði, stofnanir og persónulega hagi til að sporna við útbreiðslu veirunnar. Skólastarf varð fyrir miklum truflunum þrátt fyrir stefnu yfirvalda um að halda skuli skólum opnum og færsla skólahjúkrunarfræðinga í starfi til aðstoðar heilbrigðiskerfinu olli óhjákvæmilegri röskun á heilsuvernd skólabarna og unglunga, sem og þeim stuðningi sem starf þeirra veitir nemendum og starfsfólki. Kynning þessi er hluti af doktorsverkefni í heilsumannfræði sem snýr að því að kortleggja margþætt áhrif COVID-19 faraldursins á íslensk ungmenni; fjallað verður um viðtöl við skólahjúkrunarfræðinga í sex skólum innan og utan höfuðborgarsvæðisins um áhrif faraldursins á störf þeirra og nemendur í þeirra umsjá. Dregin verða þemu úr tveimur syrpum af viðtölum sem tekin voru í við skólahjúkrunarfræðinga í annarri bylgju árið 2020 og rétt eftir að Omicron faraldurinn geisaði um landið í lok 2021 og 2022. Þemun verða síðan borin saman og leitast við að draga mynd af þróun áorkan COVID-19 á heilsuvernd skólabarna og unglunga sem og þau áhrif sem þau hafa orðið vitni að í starfi sínu.

Eva Jörgensen

Starfsheiti og vinnuveitandi: Doktorsnemi við félags-, mannfræði-, og þjóðfræðideild í Háskóla Íslands

Netfang: eha7@hi.is

Mótun verðuga sjálfins í menntaskólanum

Útdráttur: Í erindinu er fjallað um þau félagslegu og tilfinningalegu átök sem framhaldsskólanemendur upplifa þegar þau ganga í menntaskóla sem þau hafa lært að sé bæði merkilegri og fínni en þeir staðir sem þau hafa fram að því alið manninn á. Þetta eru nemendur sem eiga ekki uppruna sinn í táknrænum heimi borgaralega hvítflibbans heldur koma úr þorpinu eða sveitinni eða eiga sér bláflibbabakgrunn. Nýtt er hugtakalíkan Bourdieu til að greina þá hvata sem verða til þegar veruhátt og vettvang skortir samhljóm og það þykir virðingarvert að laga sig að vettvangi. Gagnasöfnun fór fram á árunum 2017-2019 og voru tekin djúpvíðtöl við 48 stúdentsefni í 10 framhaldsskólum, þar af fjórir landsbyggðarskólar. Fjórðungur viðmælenda úr hátt skrifuðum skólum reyndist hafa bláflibbauppruna og eru raddir þeirra leiðarstef. Nemendurnir hafa gert sér far um að taka upp gildi og viðmið sem tíðkast á skólavettvangnum en verða á sama tíma mjög gagnrýnin á lífsmáta og hugmyndir á upprunavettvangi. Þetta ferli getur verið sársaukafullt og markast af andstæðum tilfinningum eins og skömm, stolti, sektarkennd og létti.

Dr. Berglind Rós Magnúsdóttir

Starfsheiti og vinnuveitandi: Prófessor HÍ

Netfang: brm@hi.is

Málstofa 12: Sjávarútvegur

Hvað tók við eftir Verbúðina? Fiskveiðistjórnun í 30 ár

Útdráttur: Mikil umræða hefur skapast um fiskveiðistjórnunarkerfið eftir hina vinsælu þætti „Verbúðina“. Kvótakerfi var komið á 1984 og framsal kvóta tryggt með lögum 1991. Fiskistofa var stofnuð 1992 til að hafa umsjón og eftirlit með fiskveiðistjórnunarkerfinu. Miklar breytingar hafa orðið á fyrirtækjum í sjávarútvegi frá þessum tíma og hefur íslenskur sjávarútvegur nokkra sérstöðu samanborið við sjávarútveg nágrannapjóðanna hvað varðar arðsemi. Margir hafa bent á að fyrirkomulag fiskveiðistjórnunar hefur áhrif á rekstrarhegðun útgerðarfyrirtækja og þar með afkomu þeirra, sjálfbærni fiskistofnanna og umhverfisáhrif veiðanna. Aðrir benda á að fiskveiðistjórnunarkerfið hafi skilið staði eftir án kvóta og atvinnu fyrir íbúa. Í erindi þessu verður staðan í sjávarútvegi fyrir upptöku kvótakerfis rakin og farið yfir þróun íslensks sjávarútvegs síðan þá. Fjallað verður m.a. um afnám útflutningshindrana, fiskveiðistjórnunarkerfið, stofnun fiskmarkaða á Íslandi og tækniþróun. Vikið verður að sjálfbærni auðlindanýtingarinnar og umhverfisáhrifum hennar í því ljósi. Komið verður inn á hlutverk Fiskistofu í eftirliti með fiskveiðistjórnunarkerfinu og hvernig Fiskistofa hefur þróast í þau 30 ár sem hún hefur starfað. Loks verður vikið að því hvað framtíðin kann að bera í skauti varðandi fiskveiðar og stjórnun þeirra.

Dr. Ögmundur Knútsson

Starfsheiti og vinnuveitandi: Fiskistofustjóri, Fiskistofa

Netfang: ogmundur.h.knutsson@fiskistofa.is

„Konur eru eins og súrefni til fjalla, því ofar sem þú ferð því minna er af þeim“

Útdráttur: Sjávarútvegur hefur löngum þótt karllæg atvinnugrein og fáar rannsóknir liggja fyrir um stöðu kvenna í stjórnendastöðum í sjávarútvegi, þrátt fyrir að miklar breytingar séu að eiga sér stað, m.a. með aukinni tækni- og sjálfvirknivæðingu. Markmið erindisins er að varpa ljósi á stöðu kynjanna í sjávarútvegi og á þá þróun sem orðið hefur á undanförunum árum. Vegna staðalímýnda og hefða hefur minna borið á konum en körlum í stjórnnum félaga og fáar konur gegna æðstu stjórnunarstöðum í sjávarútvegi, nema þær sem eru eigendur tiltekinna félaga eða tengdar fjölskylduböndum. Fjallað verður um hvaða stöðum konur gegna í sjávarútvegi og hvort kynin hafi jöfn tækifæri til að öðlast starfsframa innan atvinnugreinarinnar. Þá er því velt upp hvort markvisst sé unnið að því að jafna stöðu karla og kvenna í sjávarútvegi. Stuðst er við meginlega aðferð en spurningalisti var sendur á stjórnendur allra fyrirtækja, stofnana eða deilda sem flokkast undir sjávarútveg, 422 vinnustaði. Það voru 185 stjórnendur sem svöruðu og svarhlutfallið því 44%. Í erindinu verður gerð grein fyrir niðurstöðum fimm spurninga: Hvaða störfum kynin sinna á vinnustaðnum, hlutfall kvenna og karla meðal æðstu stjórnenda, hlutfall kynjanna meðal eigenda, hvort kynin fái jöfn tækifæri til starfsframa og hvort þau sækist eftir ólíkum tegundum starfa. Að lokum er skoðað hvort markvisst sé unnið að því að jafna stöðu karla og kvenna.

Ásta Dís Óladóttir

Starfsheiti og vinnuveitandi: dósent, Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands

Netfang: astadis@hi.is

Markaðshneigð og markaðsleg færni fyrirtækja í sjávarútvegi á Vestfjörðum

Útdráttur: Sjávarútvegur er ein af undirstöðugreinum í atvinnumálum Vestfjarða og ýmis tækifæri liggja í að byggja upp fyrirtæki í sjávarútvegi af ýmsu tagi á svæðinu. Í þessari rannsókn er sjónum beint að markaðshneigð og markaðslegrar færni fyrirtækja í sjávarútvegi á Vestfjörðum. Markaðshneigð er ferli sem snýr að því að safna upplýsingum úr innra og ytra umhverfi fyrirtækis og vinna úr þeim á virðisaukandi hátt. Ávinningur af markaðshneigð og markaðslegrar færni er að fyrirtæki þekkja viðskiptavinum sína betur, aukin arðsemi, ánægja og hollusta starfsfólks og betri heildarframmistöða fyrirtækja. Rannsóknaraðferðin er megindleg könnun sem send var á stjórnendur allra fyrirtækja í sjávarútvegi á Vestfjörðum og niðurstöður munu varpa ljósi á stöðu vestfirskra sjávarútvegsfyrirtækja þegar kemur að markaðshneigð og markaðsfærni og i hvaða þáttum þau geta hugsanlega bætt sína stöðu.

Andrea Gylfadóttir

Starfsheiti og vinnuveitandi: meistaranemi - Byrnjar Þór Þorsteinsson er meðhöfundur og leiðbeinandi

Netfang: andrag19@bifrost.is